

SKJALAVER  
HOF DATORGI

21. SEP. 2020

Mátskr 2020090247

Bretalykli 23.0



Skipulagsstofnun

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 14. september 2020

Tilvísun: 202007029 / 5.2

## Efni: Landfylling í Nýja Skerjafirði - beiðni um umsögn

Reykjavíkurborg hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tillögu að matsáætlun um ofangreinda framkvæmd, móttekin 11. september 2020, skv. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Hér með er óskað eftir að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gefi umsögn um meðfylgjandi tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 og 17. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögninni þarf eftir því sem við á að koma fram hvort tillagan geri nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar, hvort Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur geri athugasemdir við þá umhverfisþætti sem matið á að taka til, valkosti sem leggja á mat á, gagnaöflun sem er fyrirhuguð, hvernig til standi að vinna úr gögnunum til að meta umhverfisáhrif og hvernig eigi að setja þau fram í frummatsskýrslu. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmd er háð.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 29. september 2020 og einnig á tölvupóstfang: [tinna@skipulag.is](mailto:tinna@skipulag.is) og [egill@skipulag.is](mailto:egill@skipulag.is).

Tinna Jónsdóttir



## LANDFYLLING Í NÝJA SKERJAFIRÐI

Tillaga að matsáætlun

09.09.2020





## SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

### SKJALALYKILL

3336-1076-TMA-001-V05

### SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

01/55

### VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA

Auður Ólafsdóttir

### VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Ragnhildur Gunnarsdóttir

### LYKILORÐ

Landfylling, matsáætlun, mat á umhverfisáhrifum, Reykjavík, Skerjafjörður.

### STAÐA SKÝRSLU

- Drög
- Drög til yfirlstrar
- Lokið

### DREIFING

- Opin
- Dreifing með leyfi verkkaupa
- Trúnaðarmál

### TITILL SKÝRSLU

Landfylling í nýja Skerjafirði – Tillaga að matsáætlun

### VERKHEITI

MÁU - Landfylling í Skerjafirði

### VERKKAUPI

Reykjavíkurborg

### HÖFUNDUR

Anna Rut Arnardóttir

### ÚTDRÁTTUR

Reykjavíkurborg áformar að gera 4,3 ha landfyllingu og hugsanlega sjóvarnargarð í Skerjafirði. Svæðið er staðsett austan núverandi byggðar í Skerjafirði og sunnan aflagðrar NA – SV flugbrautar (06-24) Reykjavíkflugvallar. Landfyllingin er liður í þéttingu byggðar og uppbyggingu nýs hverfis í suð-vesturhluta borgarinnar í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 - 2030.

Framkvæmdin er tilkynningaskyld til ákvörðunar um matsskyldu skv. tl. 10.22 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er því ekki sjálfkrafa matsskyld framkvæmd. Í 10. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum er hins vegar ákvæði um að framkvæmdaraðili geti óskað eftir því við Skipulagsstofnun að tiltekin tilkynningaskyld framkvæmd fari í mat á umhverfisáhrifum. Að teknu tilliti til umsagna Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar var ákveðið að nýta það ákvæði í þessu tilviki.

Í þessari skýrslu er fjallað um fyrirhugaða framkvæmd, framkvæmdasvæðið, stöðu skipulagsmála og helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Tilgangur þessarar skýrslu er að veita umsagnaraðilum og öðrum hagsmunaaðilum tækifæri til að mynda sér skoðun á efnistöku komandi umhverfismats og koma athugasemdum á framfæri nú á frumstigum umhverfismats. Drög að tillögu að matsáætlun voru birt til kynningar, frá 8. til 29. apríl 2020. Á þessu tímabili gafst almenningi tækifæri til að koma með athugasemdir við tillöguna. Tillaga þessi að matsáætlun er nú lögð fram til meðferðar Skipulagsstofnunar í samræmi við lög nr. 106/2000. Allir hafa rétt á að senda Skipulagsstofnun skriflegar athugasemdir við tillögu að matsáætlun innan gefins frests. Auk þess mun Skipulagsstofnun leita umsagna lögbundinna umsagnaraðila.

## ÚTGÁFUSAGA

---

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Anna Rut Arnardóttir		Jón Ágúst Jónsson	12.05.20	Anna Rut Arnardóttir	12.05.20
02	Anna Rut Arnardóttir		Auður Ólafsdóttir Ingvar Jón Bates Gíslason Þórólfur Jónsson	05.06.20	Anna Rut Arnardóttir	05.06.20
03	Anna Rut Arnardóttir		Ingvar Jón Bates Gíslason	06.07.20	Anna Rut Arnardóttir	06.07.20
04	Anna Rut Arnardóttir		Ragnhildur Gunnarsdóttir	08.09.20	Anna Rut Arnardóttir	08.09.20
05	Anna Rut Arnardóttir		Auður Ólafsdóttir Ingvar Jón Bates Gíslason Þórólfur Jónsson	09.09.20	Anna Rut Arnardóttir	09.09.20

---

Forsíðumynd: Gamli flugturninn á Reykjavíkurlflugvelli, Skerjafjörður og Keilir snemma hausts 2019. Ljósmynd Sonja M. Ólafsdóttir, Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

## SAMANTEKT

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er afmarkað þróunarsvæði (þ5) sem ber heitið Nýi Skerjafjörður. Uppbyggingin er hluti af uppbyggingu nýs borgarhluta í vesturhluta Reykjavíkurborgar, Vatnsmýri, sem er hluti af framfylgd meginstefnu Aðalskipulags Reykjavíkur 2010 – 2030 sem kveður á um þéttingu byggðar, fjölgun íbúa í vesturhluta borgarinnar og aukningu á notkun vistvænna ferðamáta. Nýtt deiliskipulag íbúðabyggðar hins nýja hverfis í Skerjafirði verður sett fram í tveimur áföngum sem byggir á sýn rammaskipulags frá 2018 fyrir nýja byggð í Nýja Skerjafirði.

Svæðið undir byggðina nýju er staðsett í vík vestan við Reykjavíkflugvöll. Þar er gert ráð fyrir að rísi íbúabyggð með um 1.300-1.400 íbúðum auk smábátahafnar. Innan þessa svæðis er gert ráð fyrir landfyllingu þar sem hluti byggðarinnar mun rísa í 2. áfanga hins nýja deiliskipulags. Samanlagt svæði sem fer undir landfyllingu er u.þ.b. 4,3 ha og er áætluð efnisþörf landfyllingar um 224.000 m<sup>3</sup>. Með landfyllingu má byggja fleiri íbúðir á svæðinu sem uppfyllir markmið Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 um þéttingu byggðar og fyrrgreinds rammaskipulags.

Í landfyllinguna áformar Reykjavíkurborg að nýta efni sem fellur til við framkvæmdir við Landspítala – Háskólasjúkrahús og efni frá öðrum þéttingarreitum í Reykjavík, vestan Elliðaána. Við það minnkar verulega umferð við efnisflutninga þar sem efnið er notað áfram á svæðinu en ekki flutt sérstaklega á urðunarsvæði í útjaðri borgarinnar.

Fyrirhuguð landfylling fer að hluta til yfir leirusvæði sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Er framkvæmdin af þessum sökum tilkynningaskyld til ákvörðunar um matskyldu skv. tl. 10.22 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Framkvæmdin flokkast í B-flokk skv. 1 viðauka laganna og var því tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar. Í 10. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum er hins vegar ákvæði um að framkvæmdaraðili geti óskað eftir því við Skipulagsstofnun að tiltekin tilkynningaskyld framkvæmd fari í mat á umhverfisáhrifum. Að teknu tilliti til umsagna Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar var ákveðið að nýta það ákvæði í þessu tilviki.

Í þessari tillögu að matsáætlun er gerð grein fyrir framkvæmdinni, framkvæmda- og áhrifasvæði hennar. Kynntir eru þeir þættir framkvæmdarinnar sem talið er að leggja þurfti mesta áherslu á í mati á umhverfisáhrifum og er því jafnframt lýst hvernig staðið verði að mati á áhrifum. Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 – 2030.

Tilgangur matsáætlunar er að leita samráðs við almenning, hagsmunaaðila og sérfræðistofnanir eins snemma í ferlinu og kostur er. Þannig er þeim gefinn kostur á að mynda sér skoðun á efnistökom komandi umhverfismats og koma athugasemdum sínum á framfæri í samræmi við 16. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015. Drög að tillögu að matsáætlun voru birt til kynningar, frá 8. til 29. apríl 2020. Á þessu tímabili gafst almenningi tækifæri til að koma með athugasemdir við tillöguna. Tillaga að matsáætlun er nú lögð fram til meðferðar Skipulagsstofnunar og mun Skipulagsstofnun leita umsagna lögbundinna umsagnaraðila. Auk þess hafa allir rétt á að senda Skipulagsstofnun skriflegar athugasemdir við tillöguna innan gefins frests.



## EFNISYFIRLIT

<b>SAMANTEKT</b>	<b>5</b>
<b>1 INNGANGUR</b>	<b>11</b>
<b>1.1 Almennt</b>	<b>11</b>
<b>1.2 Mat á umhverfisáhrifum</b>	<b>12</b>
1.2.1 Matskylda framkvæmdar	12
1.2.2 Umsjón með mati á umhverfisáhrifum	12
1.2.3 Tillaga að matsáætlun	12
1.2.4 Yfirlit um matsferlið	13
1.2.5 Tímaáætlun framkvæmdar og matsferlið	13
<b>2 STAÐHÆTTIR, SKIPULAGSÁÆTLANIR OG VERND</b>	<b>14</b>
<b>2.1 Staðsetning og staðhættir</b>	<b>14</b>
<b>2.2 Skipulag</b>	<b>15</b>
2.2.1 Aðalskipulag Reykjavíkur	15
2.2.2 Breytingar á gildandi aðalskipulagi	16
2.2.3 Rammaskipulag Skerjafjarðar	16
2.2.4 Nýtt deiliskipulag	18
<b>2.3 Vernd</b>	<b>21</b>
2.3.1 Náttúruverndaráætlun	21
2.3.2 Hverfisvernd og friðlýsingar	21
2.3.3 Sérstök vernd skv. 61. gr. laga um náttúruvernd	22
<b>3 UM FRAMKVÆMDINA</b>	<b>23</b>
<b>3.1 Tilgangur og markmið</b>	<b>23</b>
<b>3.2 Framkvæmdaraðili</b>	<b>23</b>
<b>3.3 Valkostir</b>	<b>23</b>
<b>3.4 Framkvæmdasvæðið</b>	<b>24</b>
<b>3.5 Umfang landfyllingar og sjóvarnargarðs</b>	<b>25</b>
<b>3.6 Framkvæmdatími</b>	<b>25</b>
<b>3.7 Aðferð við landfyllingu</b>	<b>25</b>
<b>3.8 Efnisöflun</b>	<b>25</b>
<b>3.9 Mannafli og tækjakostur</b>	<b>26</b>
<b>3.10 Frágangur og mótvægisáðgerðir</b>	<b>26</b>
<b>3.11 Aðrar framkvæmdir</b>	<b>28</b>
<b>3.12 Leyfisveitingar</b>	<b>29</b>
<b>4 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM</b>	<b>30</b>
<b>4.1 Umhverfisþættir</b>	<b>30</b>
Hluti af strandlínu Fossvogs, Fossvogsbakkar, var friðlýstur sem náttúruvætti árið 1999 vegna fágætra jarðminja, svokallaðra Fossvogslaga. Svæðið nær frá botni Fossvogs og vestur að línu sem er 5 m frá affallslögn Hitaveitu Reykjavíkur í Nauthólsvík	30
Í frummatsskýrslu verður lagt mat á þörf fyrir vöktun á þeim umhverfisþáttum sem fjallað er um og lagðar til vöktunaráætlanir í samræmi við það. Auk þess verða lagðar til viðeigandi mótvægisáðgerðir ef þurfa þykir.	30
<b>4.2 Gróður, strand- og sjávarlífríki</b>	<b>30</b>



4.3	Fuglalíf	31
4.4	Straumar	31
4.5	Verndarsvæði	31
4.6	Fornminjar	32
4.7	Landslag og ásýnd	32
4.8	Umferð, umferðarmyndun og öryggi	32
4.9	Hljóðvist og loftgæði	33
4.10	Útivist, hjóla- og göngustígar	33
5	SAMRÁÐ OG KYNNING	34
5.1	Samráð	34
5.2	Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun	34
5.3	Kynning á tillögu að matsáætlun	34
5.4	Kynning á frummatsskýrslu	34
6	HEIMILDASKRÁ	36
VIÐAUKI A	ATHUGASEMDIR VIÐ DRÖG AÐ TILLÖGU AÐ MATSÁÆTLUN	37
VIÐAUKI B	SVÖR VIÐ ATHUGASEMDUM VIÐ DRÖG AÐ TILLÖGU AÐ MATSÁÆTLUN	48

## MYNDASKRÁ

<b>MYND 1.1</b> Ferli mats á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 m.s.br. _____	13
<b>MYND 2.1</b> Loftmynd sýnir staðsetningu Nýja Skerjafjarðar á þróunarsvæði Þ5, merkt með rauðum hring. ____	14
<b>MYND 2.2</b> Yfirlitsmynd af víkinni þar sem landfyllingin er fyrirhuguð. Í miðri víkinni má sjá móta fyrir leifum dráttarbrautar og vestast í víkinni eru leifar olíubryggju. Loftmynd fengin af Borgarvefsjá. _____	15
<b>MYND 2.3</b> Fyrirhuguð framkvæmd er áætluð innan þess svæðið sem afmarkað er með rauðum hring. Heimild: Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 [3]. _____	16
<b>MYND 2.4</b> Skýringarmynd sem sýnir rammaskipulag varpað á gildandi aðalskipulag. Rauð lína afmarkar núverandi strönd. _____	18
<b>MYND 2.5</b> Tillaga að breyttu deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar samkvæmt uppdráttum T.ark Arkitekta ehf. dags. 26. júní 2020. Gerður er fyrirvari á mögulegum breytingum á uppdrætti við samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar. _____	19
<b>MYND 2.6</b> Áfangaskipting deiliskipulags fyrir Nýja Skerjafjörð. Afmörkun deiliskipulagsreits er sýnd með rauðri punktalínu. Deiliskipulag áfanga 1 er gulmerkt. _____	20
<b>MYND 2.7</b> Hverfisvernd samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Hverfisverndarsvæði er rúðustrikað. Mynd tekin af skipulagssjá Reykjavíkur. _____	22
<b>MYND 3.1</b> Áætluð staðsetning fyrirhugaðrar landfyllingar fyrir íbúðabyggð og smábátahöfn (auðkennd með rauðbrúnum lit). Á myndinni má jafnframt sjá staðsetningu fluggirðingar (fjólublá lína) og fyrirhugaðrar landfyllingar fyrir Fossvogsbrú (rauð lína), en hún er ekki hluti af þessari framkvæmd (sjá kafla 3.11). Á myndinni er ekki sýndur sjóvarnargarður sem hugsanlega yrði staðsettur vestast á framkvæmdasvæðinu. _____	24
<b>MYND 3.2</b> Planmynd og sneiðing fyrir áætlaða fyllingu. Sjá má núverandi lengd flæðarmáls og lengd flæðarmáls eftir framkvæmdir (á þeim stað sem sniðið er tekið). _____	27
<b>MYND 3.3</b> Uppdráttur úr rammaskipulagi [4]. Sjá má hugsanlega legu sjóvarnargarðs vestan við víkina, græna lengju og hjóla- og göngustíga meðfram ströndinni. _____	28

## TÖFLUSKRÁ

<b>TAFLA 3.1</b> Helstu kennistærðir fyrir landfyllingu og sjóvarnargarð. _____	25
---	----



## 1 INNGANGUR

### 1.1 Almennt

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er afmarkað þróunarsvæði (þ5) sem ber heitið Nýi Skerjafjörður. Þar er gert ráð fyrir að rísi íbúabyggð með um 1.300-1.400 íbúðum auk smábátahafnar. Innan þessa svæðis er gert ráð fyrir landfyllingu þar sem hluti byggðarinnar mun rísa í 2. áfanga hins nýja deiliskipulags. Svæðið sem fer undir landfyllingu er staðsett í vík vestan við Reykjavíkurlugvöll.

Íslenska ríkið og Reykjavíkurborg sömdu þann 1. mars 2013 um kaup Reykjavíkurborgar á landi ríkisins í Skerjafirði. Árið 2017 var haldin lokuð hugmyndasamkeppni um rammaskipulag fyrir þróunarsvæði þ5. Fimm teymi tóku þátt í hugmyndasamkeppninni. Niðurstöður voru kynntar á opnum kynningarfundum í Ráðhúsinu 2. nóvember 2017. ASK arkitektar, Landslag landslagsarkitektar og verkfræðistofan EFLA, urðu hlutskörpust í hugmyndaleitinni og voru ráðin til að vinna rammaskipulag fyrir svæðið. Tillagan þótti skara fram úr vegna aðlaðandi byggðarmynsturs með fjölbreyttar húsagerðir og grænt net opinna svæða og gönguleiðir í gegnum inngarða.

Með gerð landfyllingar í Skerjafirði eykst byggingarland á svæðinu um 3.000 m<sup>2</sup>. Með auknu byggingarlandi má auka fjölda íbúða á svæðinu sem uppfyllir markmið Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 um þéttingu byggðar. Þá er gert ráð fyrir að hluti landfyllingar næst ströndinni muni í framtíðinni nýtast sem miðsvæði með verslunar- og þjónustustarfsemi og eins til útivistar. Í seinni áfanga deiliskipulags nýrrar íbúabyggðar er áhersla lögð á að strandlengja landfyllingarinnar og fjara verði sem náttúrulegust og að þar myndist búsvæði fyrir lífverur. Leitast verður við að fjörubotninn verði með sem fjölbreyttastri kornastærð á ójöfnum botni þannig að þar geti set safnast fyrir og þang þrifist. Þá er einnig til skoðunar gerð sjóvarnargarðs vestan megin í víkinni sem verði til þess fallinn að auka líkur á uppsöfnun sets.

Í landfyllinguna áformar Reykjavíkurborg að nýta efni sem fellur til við framkvæmdir við Landspítala – Háskólasjúkrahús og efni frá öðrum þéttingarreitum í Reykjavík, vestan Elliðaána. Við það minnkar verulega umferð við efnisflutninga þar sem efnið er notað áfram á svæðum í kring en ekki flutt sérstaklega á urðunarsvæði í útjaðri borgarinnar.

Samanlagt er það svæði sem fer undir landfyllingu u.þ.b. 4,3 ha og er áætluð efnisþörf fyrir landfyllinguna um 224.000 m<sup>3</sup>. Fyrirhuguð landfylling er minni en gert er ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi.

## 1.2 Mat á umhverfisáhrifum

### 1.2.1 Matskylda framkvæmdar

Þar sem svæðið fer að hluta yfir leirusvæði sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd er framkvæmdin tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu skv. tl. 10.22 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 [1]. Framkvæmdin flokkast í B-flokk samkvæmt 1. viðauka laganna og er því tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar.

Í 10. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum er hins vegar ákvæði um að framkvæmdaraðili geti óskað eftir því við Skipulagsstofnun að tiltekin tilkynningarskyld framkvæmd fari í mat á umhverfisáhrifum [2]. Að teknu tilliti til umsagna Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar var ákveðið að nýta það ákvæði í þessu tilviki.

Mat þetta er unnið samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015.

### 1.2.2 Umsjón með mati á umhverfisáhrifum

Framkvæmdaraðili er Reykjavíkurborg. Umsjón matsvinnu er í höndum EFLU verkfræðistofu. Verkefnastjórn matsvinnu annast Jón Ágúst Jónsson fyrir hönd EFLU verkfræðistofu og Auður Ólafsdóttir fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

### 1.2.3 Tillaga að matsáætlun


Tillaga að matsáætlun er verkáætlun fyrir fyrirhugað mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Áður en matsvinnan hefst er þessi áætlun birt og kynnt til að tryggja að allir geti komið á framfæri athugasemdum sínum við efnistöð og áherslur matsvinnunnar.

Í þessari tillögu að matsáætlun er gerð grein fyrir framkvæmdinni, framkvæmda- og áhrifasvæði hennar. Kynntir eru þeir þættir framkvæmdarinnar sem talið er að leggja þurfti mesta áherslu á í mati á umhverfisáhrifum og er því jafnframt lýst hvernig staðið verði að mati á áhrifum. Að lokum er fjallað um kynningu og samráð í matsferlinu.

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum skal framkvæmdaraðili leita samráðs eins snemma og kostur er og kynna umsagnaraðilum og almenningi tillögu að matsáætlun.

### 1.2.4 Yfirlit um matsferlið

Aðferðin sem beitt er við mat á umhverfisáhrifum er í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. og reglugerð nr. 660/2015. Mynd 1.1 sýnir yfirlit yfir matsferlið. Nánari upplýsingar um matsferlið má finna á vef Skipulagsstofnunar, [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is).



**MYND 1.1** Ferli mats á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 m.s.br.

### 1.2.5 Tímaáætlun framkvæmdar og matsferlið


Áætlað er að frummatsskýrsla verði send Skipulagsstofnun til meðferðar í lok árs 2020 og að álit Skipulagsstofnunar á matsskýrslu geti legið fyrir vorið 2021. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti í fyrsta lagi hafist haustið 2021 og muni standa yfir í að lágmarki 2 ár. Framkvæmdatími er þó háður aðgengi að efni.

## 2 STAÐHÆTTIR, SKIPULAGSÁÆTLANIR OG VERND

### 2.1 Staðsetning og staðhættir

Landfyllingin er fyrirhuguð í Nýja Skerjafirði á þróunarsvæði Þ5 sem liggur að núverandi byggð í Skerjafirði og afmarkast af götunni Skeljanesi til vesturs. Til norðurs og austurs afmarkast Nýi Skerjafjörður af öryggissvæði A-V flugbrautar og N-S flugbrautar. Til suðurs afmarkast svæðið af strandlínu Skerjafjarðar. Mynd 2.1 sýnir staðsetningu svæðisins. Landfyllingin er fyrirhuguð í víkinni og er áætlað svæði fyllingarinnar um 4,3 ha.

Í dag er aðkoma að svæðinu í gegnum vegslóð sem tengist veginum Skeljanesi sem nær að flugskýlinu og sjóskýlinu (mynd 2.2). Á myndinni hér fyrir neðan má sjá loftmynd af svæðinu þar sem landfyllingin er fyrirhuguð. Vestan svæðisins þar sem húsaþyrpingin er má finna gamla þjónustumiðstöð Íþrótt- og tólmstundaráðs Reykjavíkur við Skeljanes en undanfarin ár hefur þjónustumiðstöð Vinnuskóla Reykjavíkur verið með aðstöðu á svæðinu. Vestan við víkina er landfylling undir dælustöð sem er sameign Veitna, Kópavogs og Garðabæjar og austan við svæðið er landfylling sem gerð var vegna stækkunar flugbrautarinnar. Grjótnargarðar eru meðfram ströndinni við dælustöðina og flugvöllinn.



**MYND 2.1** Loftmynd sýnir staðsetningu Nýja Skerjafjarðar á þróunarsvæði Þ5, merkt með rauðum hring.



**MYND 2.2** Yfirlitsmynd af víkinni þar sem landfyllingin er fyrirhuguð. Í miðri víkinni má sjá móta fyrir leifum dráttarbrautar og vestast í víkinni eru leifar olíubryggju. Loftmynd fengin af Borgarvefsjá.

## 2.2 Skipulag

### 2.2.1 Aðalskipulag Reykjavíkur

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 eru settar fram helstu forsendur fyrir uppbyggingu á þéttingarreitum út frá meginmarkmiðum og stefnu skipulagsins um þéttingu byggðar og almenningsrými, samhliða því að stuðla að sjálfbærri og hagkvæmri byggðarþróun. Vatnsmýrin er þar eitt af lykilþróunarsvæðum borgarinnar. Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir landfyllingu á svæðinu.

Nýi Skerjafjörður er skilgreint sem 23 hektara þróunarsvæði þ5 í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 (mynd 2.3). Í greinargerð um svæðið segir:

*Blönduð byggð með áherslu á íbúðarhúsnæði. Gert ráð fyrir 600-800 íbúðum á svæðinu, sem mögulegt er að byggja án þess að flugvöllur víki. Skilmálar í deiliskipulagi taki mið af skipulagsreglum Reykjavíkurflugvallar. Randbyggð þar sem skipulag gatnakerfis og yfirbragðs er tekið mið af framtíðarskipulagi Vatnsmýrar [3].*

Landnotkun sem skilgreind er á svæðinu er íbúðarsvæði umkringgt af miðsvæði og opið svæði vestast meðfram Gamla Skerjafirðinum. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi aðalskipulag og smærri en heimildir gildandi aðalskipulags gera ráð fyrir.





**MYND 2.3** Fyrirhuguð framkvæmd er áætluð innan þess svæðið sem afmarkað er með rauðum hring. Heimild: Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 [3].

### 2.2.2 Breytingar á gildandi aðalskipulagi

Samhliða auglýsingu nýs deiliskipulags verður auglýst breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030. Breytingin er tilkomin vegna þess að við vinnslu deiliskipulags hafa komið fram minniháttar útfærslur á byggðaformi og landslagi sem víkja frá útfærslum gildandi aðalskipulags varðandi afmörkun landnotkunar.

Efnistöð breytingarinnar á gildandi aðalskipulagi verða:

- Breyting á afmörkun landnotkunaruppdráttar gildandi aðalskipulags til samræmis við útfærslu deiliskipulags.
- Minnkað umfang landfyllingar.
- Staðsetning skóla færð nær strandsvæði.
- Minnkað heimilað byggingarmagn atvinnuhúsnæðis og aukið byggingarmagn íbúðarhúsnæðis á móti – sem kemur til með að nýtast við deiliskipulagsgerð annars áfanga.
- Staðsetning hverfiskjarna/þjónustukjarna á landnotkunaruppdrætti.

### 2.2.3 Rammaskipulag Skerjafjarðar

Í kjölfar hugmyndasamkeppni um uppbyggingu nýrrar byggðar í Skerjafirði var farið í gerð rammaskipulags til að útfæra sigurtillögu nánar.

Það var í meginráttum unnið í samræmi við sigurtillögu Graeme Massie fyrir rammaskipulag Vatnsmýrar frá árinu 2002 með nokkrum undantekningum. Horfið var frá stífu, hornréttu gatnakerfi og strangri randbyggð og í staðinn gert ráð fyrir mýkra gatnaformi og fjölbreyttu randbyggðarformi. Rammaskipulagstillagan gerði ráð fyrir að græn svæði, gróður og blágrænar ofanvatnslausnir yrðu mjög

ríkjandi í hverfinu, ásamt því að útfæra náttúrulega strönd og miðlæg bílastæðahús fyrir íbúa í staðinn fyrir einkastæði innan lóða eða í bílakjöllurum.

Í tillögunni var gert ráð fyrir 1.200 íbúðum, nýjum skóla, verslun og þjónustu þar sem hluti byggðar verður á landfyllingu (mynd 2.4). Í greinargerð með rammaskipulaginu segir svo um landfyllinguna:

*Í rammaskipulagi er gert ráð fyrir landfyllingu. Núverandi strönd er röskuð eftir áratuga starfsemi olíubirgðastöðvar við flugvöllinn. Leitast verður við að líkja eftir náttúrulegri strönd með því að mynda fjöru með mismunandi kornastærð í líkingu við þá sem er nú þegar á svæðinu. Strandir austan og vestanvert eru hverfisverndaðar og ná alla leið að Gróttu í vestri. Leiksvæði, útsýnis- og áningarstaðir verða við ströndina, en ekki er gert ráð fyrir að byggðin nái alveg að ströndinni heldur er skilin eftir græn lengja meðfram henni sem verður útivistarsvæði og að mestu án byggðar.*

*Helstu áhrif rammaskipulagsins á umhverfið eru tengd fyrirhugaðri landfyllingu. Landfyllingin er töluvert minni en áætlað er í Aðalskipulagi Reykjavíkur en felur þrátt fyrir það í sér rask. Jákvæð áhrif landfyllingar eru þau að hægt er nýta uppgrafið efni frá nálægum uppbyggingarsvæðum við gerð landfyllingarinnar sem minnkar verulega umferð og efnisflutninga. Þannig er efnið notað áfram á svæðinu en ekki flutt sérstaklega á urðunarsvæði í útjaðri borgarinnar. Neikvæð áhrif eru á strandlífríki og náttúru en fyllingin er utan verndarsvæða. Áhersla er lögð á að móta nýja strönd með náttúrulegu yfirbragði og er líklegt að fjörulíf nái að taka að sér bólfestu þar. Gera þarf nánari grein fyrir þessum áhrifum við gerð deiliskipulags og tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu [4].*

Þá segir einnig í texta varðandi veitur og lagnir:

*Stofnkerfi fráveitu við Skeljanes (lagnir og dælustöð) annar ekki auknu álagi og vinna er hafin við að skoða möguleika til að auka afköst þess. Það er fyrirséð að ráðast þarf í framkvæmdir við að bæta stofnkerfið sem kallar til lengri tíma litið á aukið rými í kringum stofnlagnir og dælustöð. Taka þarf tillit til núverandi lagna og mögulegrar uppbyggingar veitukerfisins við skipulagsvinnuna og við ákvörðun um landfyllingu [4].*

Frumhönnun veitukerfa fór fram samhliða vinnu við deiliskipulag hins nýja íbúahverfis og er lokið. Á auglýstum athugasemdafresti hins nýja deiliskipulags endurmeta Veitur frumhönnun veitukerfa út frá endanlegum deiliskipulagsgögnum og hefja forhönnun við formlega gildistöku deiliskipulagsins.



**MYND 2.4** Skýringarmynd sem sýnir rammaskipulag varpað á gildandi aðalskipulag. Rauð lína afmarkar núverandi strönd.

#### 2.2.4 Nýtt deiliskipulag

Á því svæði þar sem gert er ráð fyrir nýrri íbúabyggð og landfyllingu er í gildi deiliskipulag frá árinu 1986. Mun það falla úr gildi við gildistöku nýs deiliskipulags íbúabyggðar í Nýja Skerjafirði.


Deiliskipulag fyrir nýja íbúabyggð í Skerjafirði er í vinnslu og tekur mið af sýn rammaskipulags Skerjafjarðar. Deiliskipulagssvæðið tekur mið af og tengir saman gildandi *deiliskipulag Skildingarness*, samþykkt 2004, og *gildandi deiliskipulag Einarsness*, samþykkt 1995, í vestri og *deiliskipulag Fossvogsbrúar* í austri, samþykkt 2019. Hið nýja deiliskipulag mun einnig ná að norður- og austurmörkum gildandi deiliskipulags Reykjavíkflugvallar, samþykkt 28. apríl 2016 í borgarráði Reykjavíkur.

Í samræmi við samkomulag Reykjavíkurborgar, ríkisins og Icelandair Group, og viðbótarsamkomulag ríkis og borgar, dagsett 25. október 2013, sem varða stefnu gildandi aðalskipulags um uppbyggingu í Vatnsmýri, verður öryggisgirðing færð til samræmis við afmörkun eins og hún er sýnd á deiliskipulagsuppdrætti flugvallarins (mynd 2.5).

Samhliða vinnu við gerð nýs deiliskipulags fyrir byggð í Skerjafirði verður gerð breyting á deiliskipulagi Reykjavíkflugvallar. Tilgangur breytingarinnar er að koma fyrir akhliði fyrir aðkomu flugskýla og til að aðlaga mörk Reykjavíkflugvallar/flugvallargirðingar að mörkum nýja Skerjafjarðar svo engin óskipulögð svæði falli á milli. Á mynd 6 sést tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkflugvallar. Í breytingunni felst staðsetning á nýju hliði, breytt afmörkun girðingar og breyting á deiliskipulagsmörkum til samræmis við deiliskipulag Nýja Skerjafjarðar, samkvæmt uppdráttum T.ark Arkitekta ehf. dags. 26. júní 2020. Mörk milli eignalands ríkis og borgar eru einnig uppfærð og lagfærð. Báðar deiliskipulagstillögurnar voru samþykktar til auglýsingar, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, í skipulags- og samgönguráði dags. 1. júlí 2020 og borgarráði dags. 2. júlí 2020. Gerður er fyrirvari á mögulegum

breytingum á uppdrætti breytts deiliskipulags Reykjavíkurlugvallar við endanlega samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar.

Breytingin er í samræmi við eigendaskipti á landi ríkissjóðs Íslands og Reykjavíkurborgar frá 2013/2016.




**MYND 2.5** Tillaga að breyttu deiliskipulagi Reykjavíkurlugvallar samkvæmt uppdráttum T.ark Arkitekta ehf. dags. 26. júní 2020. Gerður er fyrirvari á mögulegum breytingum á uppdrætti við samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar.

Gatnatenging fyrir almenningssamgöngur, gangandi og hjólandi verður aðlöguð að nýjum deiliskipulagsmörkum og tengist við deiliskipulag fyrirhugaðrar brúar yfir Fossvog.

Deiliskipulagsgerð fyrir Nýjan Skerjafjörð verður áfangaskipt og er vinna hafin við undirbúning fyrsta áfanga þess. Stefnt er að því að vinna tvær deiliskipulagsáætlanir fyrir hið nýja hverfi, norður og suður, þar sem nyrðri skipulagsmörk afmarkast af staðsetningu á föstu landi en þau syðri afmarkast af byggð við og ofan á landfyllingu og nýrri strönd. Rökstuðningur fyrir áfangaskiptingu er sá að nyrðra svæði er háð færri óvissupáttum varðandi undirbúning, skipulag og framkvæmdir og getur lagt grunn fyrir bættum samgöngutengingum að svæðinu áður en skipulagsvinna hefst á syðra svæði, 2. áfanga (mynd 2.6).

Í athugasemd frá Veitum kemur fram að í forhönnun veitukerfa skipulagssvæðisins sé gert ráð fyrir að núverandi 132 kV háspennustrengur verði lagður í fyllinguna, auk 800 mm stofnlagnar fráveitu. Þá áforma Veitur að byggja nýja dælustöð fráveitu við hlið núverandi dælustöðvar í Skeljanesi og verður ný lóð og byggingarreitur hluti af deiliskipulagi fyrir fyrsta áfanga nýja Skerjafjarðar.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við landfyllingu hefjist áður en deiliskipulagsvinna seinni áfanga fyrir syðri hluta hefst, á grundvelli heimilda gildandi aðalskipulags, sbr. umfjöllun í grein 2.2.1.



**MYND 2.6** Áfangaskipting deiliskipulags fyrir Nýja Skerjafjörð. Afmörkun deiliskipulagsreits er sýnd með rauðri punktalínu. Deiliskipulag áfanga 1 er gulmerkt.

Í rammaskipulagi segir:

*Landfylling er tilkynningarskyld um ákvörðun um matsskyldu skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Það fer eftir endanlegri stærð landfyllingar hvort framkvæmdin falli undir B eða C flokk í 1. viðauka laganna. Deiliskipulag sem tekur til landfyllingarinnar er því háð umhverfismati áætlana skv. lögum nr. 105/2006 [4].*

## 2.3 Vernd

### 2.3.1 Náttúruverndaráætlun

Í náttúruverndaráætlun 2004-2008 ályktaði Alþingi, með vísan til 65. gr. náttúruverndarlaga að á næstu fimm árum skyldi unnið að friðlýsingu fjórtán svæða á landinu til að stuðla að traustari vernd íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Eitt af þeim svæðum er Álftanes-Skerjafjörður [5]. Framkvæmd áætlunarinnar gekk ekki eins og ráð hafði verið gert fyrir en á tímabilinu hófst vinna við friðlýsingu Álftaness og Skerjafjarðarsvæðisins með friðlýsingu Gálgahrauns og strandsvæða innan Garðabæjar árið 2009. Þá samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 2012 að friðlýsa hluta Skerjafjarðar sem er innan bæjarmarka Kópavogs með fjörum ásamt grunnsævi. Framkvæmdasvæðið liggur utan við þessi svæði.

Skerjafjörður er eitt þeirra svæða sem að Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til við Umhverfis- og auðlindaráðuneytið að verði sett á B-hluta náttúruminjaskrár [6].

### 2.3.2 Hverfisvernd og friðlýsingar

Ströndin vestan og austan við svæðið er skilgreind sem hverfisverndarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er utan við hverfisverndarsvæðin (mynd 2.7). Um svæðið segir í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030:

*Suðurströnd, Fossvogsbakkar: Fjölbreyttar leirur og strandgróður. Leirur með mjög fjölbreyttu dýralífi. Setlög með skeljum og þörungum frá síðasta hlýskeiði ísaldar. Fjölbreyttar fjörur og strandgróður. Mikið fuglalíf. Töluvert fræðslugildi vegna auðugs smádýralífs [3].*



**MYND 2.7** Hverfisvernd samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Hverfisverndarsvæði er rúðustrikað. Mynd tekin af skipulagssjá Reykjavíkur.

### 2.3.3 Sérstök vernd skv. 61. gr. laga um náttúruvernd

Innan framkvæmdasvæðisins má finna svæði sem hefur verið flokkað sem leirur á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands. Í 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 segir:

*Eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c-lið 3. gr.: votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, [20.000 m<sup>2</sup>] að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur.*

Samkvæmt þriðju málsgrein 61. gr. laganna ber að forðast að raska ofangreindum svæðum nema brýna nauðsyn beri til. Skyld er að afla framkvæmdaleyfis vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leyfisveitandi leita umsagnar Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag. Fyrir liggur samþykkt aðalskipulag um fyrirhugað framkvæmdasvæði.

## 3 UM FRAMKVÆMDINA

### 3.1 Tilgangur og markmið

Tilgangur framkvæmdarinnar er að uppfylla markmið Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 fyrir þéttingu byggðar innan þéttbýlismarka Reykjavíkur á þróunarsvæði Þ5 sem kallast Nýi Skerjafjörður. Gert verður sérstakt deiliskipulag fyrir þann hluta hverfisins sem liggur ofan á landfyllingu eftir að vinnu við deiliskipulag fyrir nyrðri hluta er lokið.

Megin stefna fyrir skipulag svæðisins gerir ráð fyrir að hluti byggðarinnar verði á landfyllingu. Markmið landfyllingarinnar er að styðja við þá uppbyggingu með framboði á auknu byggingarlandi á bæjarstæði með fallegu útsýni og í notalegu umhverfi mót sólríku suðri. Að auki er gert ráð fyrir landfyllingu á þessu svæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Fyrirhuguð landfylling er töluvert minni en gert var ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Með landfyllingu má byggja fleiri íbúðir á svæðinu sem uppfyllir markmið Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 um þéttingu byggðar. Með landfyllingu eykst land fyrir mögulega uppbyggingu um 3000 m<sup>2</sup> sem þar að leiðandi veldur umtalsverðri aukningu á mögulegum fjöldi íbúða. Jafnframt er umhverfislegur ávinningur af því að nýta efni sem til fellur við framkvæmdir vegna uppbyggingar á svæði Landspítalans og annarra þéttingarreita í Reykjavík, vestan Elliðaána, í nálægð við fyrirhugaða landfyllingu.

### 3.2 Framkvæmdaraðili

Framkvæmdaraðili er Reykjavíkurborg.

### 3.3 Valkostir

Aðalvalkostur felst í gerð 4,3 ha landfyllingar í vík vestan við Reykjavíkflugvöll þar sem hluti af nýrri íbúabyggð í Nýja Skerjafirði mun rísa. Fyrirhuguð landfylling er minni en sú sem gert er ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi Ekki verður lagt mat á umhverfisáhrif annarra valkosta en þess sem hér er



nefndur. Ástæða þess er sú að stærð landfyllingar sem hér er gert ráð fyrir tekur mið af því byggingarlandi sem bæta þarf við til þess að skipulagssvæðið nái ákjósanlegri stærð m.t.t. uppbyggingar innviða. Önnur staðsetning landfyllingar kemur heldur ekki til greina þar sem að land er takmarkað af bæði íbúðabyggð og flugvelli, auk þess sem strandlengjur beggja vegna eru hverfisverndaðar. Staðarval miðast jafnframt við að lágmarka efnisflutninga um höfuðborgarsvæðið, en eingöngu er gert ráð fyrir að nýta efni frá nálægum byggingarsvæðum í landfyllinguna. Aðalvalkostur verður borinn saman við núllkost en hann felst í því að ekki verði gerð landfylling og strandlengjunnar þar með ekki raskað.

### 3.4 Framkvæmdasvæðið

Framkvæmdasvæðið er í Skerjafirði, vestan við Reykjavíkflugvöll. Landfylling er áformuð í vík sem liggur frá dælustöð við Skeljanes og að suðurenda Reykjavíkflugvallar (mynd 3.1). Framkvæmdasvæðið er í um 200 m fjarlægð frá núverandi íbúabyggð við Skildinganes.



**MYND 3.1** Áætluð staðsetning fyrirhugaðrar landfyllingar fyrir íbúðabyggð og smábátahöfn (auðkennd með rauðbrúnum lit). Á myndinni má jafnframt sjá staðsetningu fluggirðingar (fjólublá lína) og fyrirhugaðrar landfyllingar fyrir Fossvogsbú (rauð lína), en hún er ekki hluti af þessari framkvæmd (sjá kafla 3.11). Á myndinni er ekki sýndur sjóvarnargarður sem hugsanlega yrði staðsettur vestast á framkvæmdasvæðinu.

### 3.5 Umfang landfyllingar og sjóvarnargarðs

Landfyllingin kemur til með að liggja með strönd á um 700 m kafla og ná um 100 m út í sjó. Heildarstærð fyllingar verður um 4.3 ha. Efnispörf fyrir landfyllingu er gróflega áætluð um 224.000 m<sup>3</sup>. Fyllt verður í hæð +4,5 m í Rvk. hæðakerfi og fláa 1:5. Gróflega er áætlað að kostnaður við landfyllinguna sé um 1.000 kr./m<sup>3</sup>.

Einnig er til skoðunar gerð sjóvarnargarðs vestast í víkinni. Megintilgangur sjóvarnargarðsins er að stuðla að uppsöfnun sets í víkinni þar sem landfyllingin kemur til með að vera. Gerð var tillaga að staðsetningu varnargarðs en vísbendingar eru um að uppsöfnun sets geti orðið minni en vonast var til. Því liggur hugsanleg lega og umfang varnargarðs ekki fyrir á þessu stigi, en við val á endanlegri staðsetningu verður lögð áhersla á að varnargarðurinn leiði til setmyndunar í víkinni. Byggt á tillögu sem gerð var að sjóvarnargarði mætti gróflega áætla að varnargarðurinn verði um 520 m á lengd og um 8000 m<sup>3</sup> af grjóti þyrfti í gerð hans. Gróflega er áætlað að kostnaður við sjóvarnargarð sé um 6.500 kr./m<sup>3</sup>.

Tafla 3.1 gefur yfirlit yfir helstu kennistærðir landfyllingarinnar og sjóvarnargarðs.

**TAFLA 3.1** Helstu kennistærðir fyrir landfyllingu og sjóvarnargarð.

LANDFYLLING	KENNISTÆRÐIR
Áætluð hæð (kóti)	+4,5 m í Rvk hæðakerfi
Flatarmál landfyllingar	4,27 ha
Lengd sjóvarnargarðs	520 m
Áætluð efnispörf landfyllingar	224.000 m <sup>3</sup>
Áætluð efnispörf sjóvarnargarðs	8.000 m <sup>3</sup>

### 3.6 Framkvæmdatími

Gera má ráð fyrir að framkvæmdir geti tekið að lágmarki um 2 ár eftir að framkvæmdaleyfi hefur verið gefið út. Þó er vert að benda á að eðli málsins samkvæmt er framkvæmdatími háður aðgengi að efni.

### 3.7 Aðferð við landfyllingu

Rannsóknir á svæðinu hafa leitt í ljós að grunnt er niður á klöpp á stórum hluta þess svæðis sem landfyllingin er fyrirhuguð á. Þar sem er grunnt niður á klöpp er minni hætta á sigi. Ekki er gert ráð fyrir að pressa þurfi vökva úr setlögum undir fyllingunni, sem er algeng aðgerð þar sem setlög eru þykkari. Því má búast við að framkvæmdir við landfyllinguna verði með einfaldara móti og geti tekið styttri tíma en þar sem setlög eru þykkari. Við uppbyggingu landfyllingarinnar verður fyllingarefni komið fyrir á fyllingarsvæði jafnt og þétt út frá landi þar til áætlaðri landmótun er náð.

### 3.8 Efnisöflun

Við gerð fyllingarinnar er fyrirhugað að nýta uppgrafið efni úr nálægum byggingarsvæðum.

Á þessu stigi er ekki fullmótað hvaðan efni verður fengið í landfyllinguna. Nokkrir möguleikar eru fyrir hendi og fer það eftir því hvenær framkvæmdir hefjast, hvenær losa þarf uppgrafið efni frá nálægum byggingarsvæðum og hvernig þær tímasetningar fara saman.

Einn líklegasti möguleikinn er að nýta efni frá uppbyggingu Landspítala Háskólasjúkrahúss en efnið sem þarf að losa þaðan er talið vera gott landfyllingarefni. Þó að stór hluti efnis þaðan hafi nú þegar verið nýttur annarsstaðar á höfuðborgarsvæðinu á enn eftir að losa töluvert af efni. Annar möguleiki er að fá efni frá öðrum þéttingarreitum í Reykjavík, vestan Elliðaána.

Til skoðunar er fýsileiki á efnistöku úr námu í sjó og flutningur þess efnis sjóleiðina í landfyllinguna. Þó er ljóst að stórgrýti í sjálft landfyllingarstæðið við mörk hins nýja sjávarmáls verður flutt landleiðina.


### **3.9 Mannafli og tækjakostur**

Gert er ráð fyrir að vinnuvélar og flutningabílar fari um svæðið. Framkvæmdin er ekki mannaflsrek. Starfsmenn vinnuvéla, bílstjórar og eftirlitsmenn koma að framkvæmdinni eftir þörfum og framvindu. Ekki er gert ráð fyrir að olúbirgðir verði geymdar á svæðinu. Engar eldsneytisbirgðir, fyrir utan þær sem eru í eldsneytistönkum vinnuvéla, verða því á framkvæmdasvæðinu. Reynt verður að beina umferð flutningabíla um nýjan framkvæmdaveg/framlengt Einarsnes suður og austur fyrir flugbraut eins og frekast er kostur.

### **3.10 Frágangur og mótvægisáðgerðir**

Mynd 3.2 sýnir planmynd og sneiðingu af fyrirhugaðri landfyllingu. Þar má sjá að núverandi lengd flæðarmáls á þeim stað sem sniðið er tekið er 277 m, en gert er ráð fyrir að flæðarmál eftir landfyllingu verði 192 m að lengd. Flæðarmál spannar svæði frá -1 m til 3 m.y.s. og er mikilvægasta búsvæði lífríkis í fjörunni, þ.e. það svæði þar sem lífríki er hvað auðugast.

Gætt verður að því að vel verði gengið frá framkvæmdasvæðinu eftir að framkvæmdum lýkur. Strandlengjan verður mótuð þannig að hún líki eftir náttúrulegri strönd og að leirur geti myndist á ný í stað þeirra sem raskast.



MYND 3.2 Planmynd og sneiðing fyrir áætlaða fyllingu. Sjá má núverandi lengd flæðarmáls og lengd flæðarmáls eftir framkvæmdir (á þeim stað sem sniðið er tekið).

Innst, næst landi, verður sjávarkantur (grjótvörn) en þegar utar dregur er gert ráð fyrir landmótun sem líkir eftir náttúrulegri strönd. Leitast verður við að líkja eftir þeirri fjöru sem nú þegar er á svæðinu þannig að fjörubotninn verði með sem fjölbreyttastri kornastærð á ójöfnum botni. Það ýti undir myndun búsvæða fyrir lífverur, þar sem set getur safnast fyrir og þang þrifist. Þá er gert ráð fyrir að fjörugróður geti þrifist á þeim svæðum sem hæst standa í fjörunni. Þá er einnig til skoðunar gerð sjóvarnargarðs vestan megin í víkinni í grennd við núverandi dælustöð. Hlutverk garðsins verður m.a. að skýla ströndinni frá þungri öldu úr vestri. Þannig á hann að stuðla að því að fínt undirlag haldist í fjörunni, þ.e. að set setjist í fjöruna og leira myndist, og sand og malarfjara myndist þar sem hreyfing sjávar er meiri.

Þegar íbúahverfi Nýja Skerjafjarðar verður fullbyggt í samræmi við skilmála samþykks deiliskipulags, er gert ráð fyrir að á miðsvæði næst ströndinni (skv. landnotkun gildandi aðalskipulags) verði m.a. leiksvæði, útsýnis- og áningarstaðir (mynd 3.3).



**MYND 3.3** Uppdráttur úr rammaskipulagi [4]. Sjá má hugsanlega legu sjóvarnargarðs vestan við víkina, græna lengju og hjóla- og göngustíga meðfram ströndinni.

### 3.11 Aðrar framkvæmdir

Líkt og fram hefur komið hér að framan er gert ráð fyrir að á fyrirhugaðri landfyllingu og á svæðinu norðan við hana muni rísa ný íbúabyggð. Austan við framkvæmdasvæðið er að auki fyrirhuguð landfylling fyrir Fossvogsbú. Á mynd 3.1 má sjá útlínu landfyllingar fyrir Fossvogsbú Reykjavíkurmegin, merktá með rauðri línu. Gert er ráð fyrir um 270 metra langri og 15 metra breiðri brú yfir voginn frá norðurenda Bakkabrautar á Kársnesi að flugbrautarenda Reykjavíkurlugvallar vestan Nauthólsvíkur sem ætluð er umferð gangandi, hjólandi og almenningsgangna. Sú framkvæmd er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu. Borgarráð samþykkti tillögu að deiliskipulagi vegna brúar yfir Fossvog í febrúar 2019. Um er að ræða sjálfstæða framkvæmd sem getur hafist með eða án landfyllingar undir íbúðabyggð. Þá er óvíst hvenær framkvæmdir geta hafist við

brúna og eru þessar tvær framkvæmdir hugsaðar sem tvær sjálfstæðar framkvæmdir. Í frummatsskýrslu verður fjallað um samlegðaráhrif þessara framkvæmda og landfyllingarinnar.

### **3.12 Leyfisveitingar**

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur: Losun á óvirkum úrgangi frá byggingarsvæðum og vegna landmótunar er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Umhverfisstofnun: Varp dýpkunarefna og náttúrulegra óvirkra efna í hafið, þ.e. fastra jarðefna, er háð leyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við 9 gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Reykjavíkurborg: Gerð landfyllinga er háð framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar samkvæmt 13-15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Minjastofnun Íslands: Finnist fornminjar við framkvæmdina eða verði nauðsynlegt að raska fornminjum á svæðinu þarf til samþykki Minjastofnunar Íslands skv. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

## 4 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

### 4.1 Umhverfisþættir

Þeir framkvæmdaþættir sem valdið geta umhverfisáhrifum eru landfyllingin, sjóvarnargarður og umferð á framkvæmdatíma. Þeir umhverfisþættir sem fjallað verður um í þessari greinargerð eru:

- Gróður, strand- og sjávarlífríki
- Fuglalíf
- Straumar
- Fornminjar
- Verndarsvæði
- Landslag og ásýnd
- Umferð, umferðarmyndun og öryggi
- Hljóðvist og loftgæði
- Útivist, hjóla- og göngustígar

Hluti af strandlínu Fossvogs, Fossvogsbakkar, var friðlýstur sem náttúruvætti árið 1999 vegna fágætra jarðminja, svokallaðra Fossvogslaga. Svæðið nær frá botni Fossvogs og vestur að línu sem er 5 m frá affallslögn Hitaveitu Reykjavíkur í Nauthólsvík [7]. Ekki er talið að framkvæmdin sem hér um ræðir muni hafa áhrif á jarðminjarnar. Auk þess er ekki vitað til þess að merkar jarðminjar sé að finna innan framkvæmdasvæðisins. Því er ekki talin þörf á frekari umfjöllun um jarðminjar í frummatsskýrslu.

Í frummatsskýrslu verður lagt mat á þörf fyrir vöktun á þeim umhverfisþáttum sem fjallað er um og lagðar til vöktunaráætlanir í samræmi við það. Auk þess verða lagðar til viðeigandi mótvægisáðgerðir ef þurfa þykir.

### 4.2 Gróður, strand- og sjávarlífríki

Framkvæmdin mun hafa áhrif á gróður, strand- og sjávarlífríki á svæðinu þar sem að landfylling mun ná yfir um 700 m kafla strandlengjunnar og um 100 m út í sjó. Framkvæmdasvæðið er grunn og breið vík. Helstu vistgerðirnar sem er að finna í vikinni eru leirur og klóþangsklungur. Samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 njóta leirur sérstakrar verndar. Þá hefur klóþangsklungur mjög hátt verndargildi skv. vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands. Einnig má gera ráð fyrir að fjörulífverur missi búsvæði sín.

Í frummatsskýrslu verður fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á gróður, strand- og sjávarlífríki. Mat á áhrifum verður byggt á fyrirbyggjandi gögnum um vistgerðir á svæðinu, minnisblaði um úttekt sem ráðgjafafyrirtækið RORUM gerði á svæðinu árið 2019, sýnum sem Náttúrufræðistofa Kópavogs safnaði árið 2009, auk rannsókna sem gerðar voru á botndýralífi í Arnarnesvogi árið 2000. Þá mun verkfræðistofan Vatnaskil skoða sérstaklega hvernig stuðla megi að endurheimt leira í fjörunni að framkvæmd lokinni.

### 4.3 Fuglalíf

Fyrirhuguð landfylling liggur að strandlínu Skerjafjarðar sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur flokkað sem mikilvægt fuglasvæði [8]. Landfyllingin mun valda tapi á búsvæðum og líklega munar þar mestu um leirur sem fuglar nýta til fæðuöflunar.

Í frummatsskýrslu verður fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf og verður sú umfjöllun byggð á fyrirbyggjandi gögnum úr rammaskipulagi og minnisblaði um úttekt sem RORUM gerði árið 2019. Að auki verður byggt á úttekt sem RORUM hyggst gera á svæðinu árið 2020. Til samanburðar við nærliggjandi svæði verður stuðst við talningar Jóhanns Óla Hilmarssonar og Ólafs Einarssonar í Kópavogi frá árinu 2013, auk eldri talninga.

### 4.4 Straumar

Reykjavíkurborg fól Vatnaskilum að leggja frummat á áhrif fyrirhugaðrar landfyllingar og varnargarðs í Skerjafirði á strauma og hugsanlegt botnrof og setmyndun [9]. Stuðst var við straumlíkan Vatnaskila af Faxaflóa í þeirri uppsetningu sem notuð var til að meta áhrif fyrirhugaðrar brúar í Fossvogi á strauma og öldu [10]. Fyrirhuguð landfylling og varnargarður var sett inn í líkanið og það nýtt til að varpa ljósi á megin strauma og öldufar og til að meta áhrifasvæði botnrofs og uppsöfnun sets.

Vatnaskil vinna nú að frekari greiningu á öldu og straumalagi við fyrirhugaða landfyllingu og mögulegri úrfærslu á varnargarði eða öðrum varnaraðgerðum. Von er á niðurstöðum þeirrar greiningar undir lok sumars 2020. Umfjöllun um strauma í frummatsskýrslu verður byggð á mati Vatnaskila.

### 4.5 Verndarsvæði

Strandirnar vestan og austan við framkvæmdasvæði eru skilgreindar sem hverfisverndarsvæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Nánari umfjöllun um svæðin er að finna í kafla 2.3. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er utan hverfisverndarsvæða. Á framkvæmdatíma er mögulegt að grugg vegna landfyllingar nái út að mörkum hverfisverndarsvæðanna. Þá er hugsanlegt að áhrif vegna rofs eða setmyndunar og áhrifa á strauma geti náð að mörkum hverfisverndarsvæðanna. Líkleg áhrif á aðliggjandi verndarsvæði eru talin óverulega neikvæð.

Ekki er gert ráð fyrir frekari umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á aðliggjandi verndarsvæði í frummatsskýrslu.



#### 4.6 Fornminjar

Borgarsögusafn Reykjavíkur heldur utan um skráningu fornleifa í Reykjavík. Árið 2013 var framkvæmdasvæðið kannað og minjar skráðar á þessu svæði. Vegna skipulags nýrrar íbúðabyggingar í Skerjafirði er nú unnið að endurskoðun skráningarinnar. Gert er ráð fyrir að fornleifaskráning liggja fyrir síðsumars 2020. Á svæðinu eru skráðar fornleifar á einum stað og er þar um að ræða leið eða veg (220-203) sem er horfinn. Nokkrar minjar eru skráðar á framkvæmdasvæðinu eða í grennd við það í húsakönnun og eru þær allar frá árinu 1930 eða yngri. Svæðið er fremur mikið raskað eftir olíubirgðarstöð, vegi og önnur mannvirki. Tvær minjar verða fyrir áhrifum vegna landfyllingarinnar, olíubryggja sem er í slæmu ástandi og dráttarbryggja sem er í góðu ástandi skv. mati Minjastofnunar Reykjavíkur [11]. Skipulagshöfundar gera ráð fyrir einhverskonar mótvægisáðgerðum sem vísa í olíubryggjuna en á þessu stigi liggur ekki fyrir með hvaða hætti þær verða útfærðar. Ef fornleifar finnast við framkvæmdir mun framkvæmdaraðili stöðva framkvæmdir skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 [12]. Líkleg áhrif á fornminjar eru talin engin. Líkleg áhrif á aðrar minjar eru talin óveruleg neikvæð en óafturkræf.

Í frummatsskýrslu verður nánar fjallað um minjar og verður sú umfjöllun byggð á fyrirbyggjandi gögnum. Ekki er gert ráð fyrir frekari gagnaöflun.

#### 4.7 Landslag og ásjúnd

Það svæði sem mun fara undir fyrirhugaða landfyllingu er eina víkin í þessum hluta Skerjafjarðar með náttúrulegri sandfjöru. Mannvirkjagerð hafur þó raskað víkinni að verulegum hluta og landfyllingar eru báðum megin við hana. Land í næsta nágrenni er að mestu leyti flatt. Meðfram fjörunni liggur göngu- og hjólastígur og náttúrulegt rými sem nýtist til útivistar. Þá eru graslengjur og melaræmur meðfram göngustígnum. Með fyrirhugaðri landfyllingu mun ásjúnd svæðisins breytast til frambúðar en í hönnun og frágangi verður leitast við að líkja eftir náttúrulegri fjöru. Fyrirhugaður sjóvarnargarður, ef af honum verður, mun einnig hafa áhrif á ásjúnd.

Í frummatsskýrslu verður mat lagt á þessar breytingar. Leitað verður til ASK arkitekta varðandi útfærslu framkvæmdasvæðis og til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar varðandi skipulag. Umfjöllun verður byggð á gögnum frá þessum aðilum, þ.e. arkitektamyndum o.fl.

#### 4.8 Umferð, umferðarmyndun og öryggi

Framkvæmdin mun hafa áhrif á umferð, umferðamyndun og öryggi á framkvæmdatíma. Áætlað er að flytja efni fyrir landfyllinguna með flutningabílum. Á framkvæmdatíma má því gera ráð fyrir nokkurri umferð vörubíla til og frá svæðinu. Umferðin dreifist þó ekki jafnt yfir allan framkvæmdatímenn þar sem hún getur verið breytileg milli daga. Við flutningana verður notast við veg sem lagður verður vegna fyrirhugaðrar landfyllingar fyrir Fossvogsbrú. Þar sem vegagerðin telst sem hluti af þeirri framkvæmd verður ekki fjallað um umhverfisáhrif hennar í frummatsskýrslu. Vegurinn sem um ræðir er um 700 m langur og kemur til með að liggja frá Nauthólsvegi að framkvæmdasvæðinu. Gert er ráð fyrir að vegurinn þveri göngu- og hjólastíg í einni akrein (mynd 9). Tryggt verður að vegurinn verði lagður áður en framkvæmdir við landfyllingu í Skerjafirði hefjist, óháð því hvort að framkvæmdir við Fossvogsbrú

séu hafnar. Þannig er komið í veg fyrir að efnisflutningar fari um Suðurgötu og Einarsnes með tilheyrandi ónæði fyrir íbúa. Á meðan á framkvæmdum stendur er gert ráð fyrir að gangandi og hjólandi vegfarendur geti ferðast um núverandi göngu- og hjólastíga.

Í frummatsskýrslu verður mat lagt á umferð, umferðamyndun og öryggi vegna framkvæmda við landfyllingu á framkvæmdatíma. Stuðst verður við fyrirbyggjandi gögn, þ.e. framkvæmdalýsingu og áætlað umferðarmagn á framkvæmdatíma.

#### 4.9 Hljóðvist og loftgæði

Áhrif á hljóðvist og loftgæði eru staðbundin og takmarkast við framkvæmdatíma. Gera má ráð fyrir að aukning verði á hávaða vegna vinnuvéla á framkvæmdasvæðinu, og einnig vegna aukinnar umferðar þungavinnuvéla um ákveðna vegi. Þá mun umferð vinnuvéla á framkvæmdasvæði og í námunda þess, auk flutninga á jarðefnum í landfyllingu, geta valdið tímabundnum óþægindum vegna rykmýndunar. Mest verða áhrifin við þær götur sem umferð vegna framkvæmda fer um og í næsta nágrenni við framkvæmdasvæðið. Gert er ráð fyrir að umferð vinnutækja fari um Nauthólsvog og að notast verði við veg sem lagður verður vegna fyrirhugaðrar Fossvogsbrúar og mun liggja frá Nauthólsvogi að framkvæmdasvæði.

Í frummatsskýrslu verður fjallað frekar um áhrif á hljóðvist og loftgæði, bæði vegna umferðar og efnisflutninga á framkvæmdatíma og einnig vegna vinnu á framkvæmdasvæði. Við matið verður horft til reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða [13] og reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði [14]. Ekki er gert ráð fyrir líkangerð eða öðrum rannsóknum en stuðst verður við fyrirbyggjandi gögn, þ.e. framkvæmda- og staðháttalýsingu, veðurfar á framkvæmdasvæði og áætlað umferðarmagn á framkvæmdatíma. Fjallað verður um mótvægisáðgerðir eftir því sem við á.

#### 4.10 Útivist, hjóla- og göngustígar

Svæðið í grennd við landfyllinguna er töluvert nýtt af fólki sem stundar útivist, svo sem meðal þeirra sem stunda sjósund, hjólreiðar, siglingar eða göngu. Framkvæmdin mun því hafa einhver áhrif á útivist á framkvæmdatíma. Í dag eru göngu- og hjólastígar meðfram víkinni þar sem landfylling er fyrirhuguð. Gert er ráð fyrir því að hjólandi og gangandi komist leiðar sinnar um núverandi stíga á meðan á framkvæmdum stendur. Í Nauthólsvík er algengt að sjósundsfólk syndi meðfram ströndinni eða út í Fossvog. Í Nauthólsvík er einnig aðstaða fyrir siglingafólk en algengt er að sigla um Fossvog og Skerjafjörð.

Í frummatsskýrslu verður mat lagt á áhrif framkvæmdarinnar á útivist, hjóla- og gönguleiðir á framkvæmdatíma. Í matinu verður stuðst við fyrirbyggjandi gögn, þ.e. kort af svæðinu sem sýnir hjóla- og gönguleiðir auk þess sem sjósunds- og siglingaleiðir verða skoðaðar.

## 5 SAMRÁÐ OG KYNNING

### 5.1 Samráð

Haft verður samráð við ýmsa aðila meðan á matsvinnu stendur, bæði lögboðna umsagnaraðila sem og aðra hagsmunaaðila í samræmi við ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

### 5.2 Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun

Drög að tillögu að matsáætlun voru birt til kynningar, frá 8. til 29. apríl 2020. Almenningi og hagsmunaaðilum gafst á þeim tíma tækifæri til að kynna sér framkvæmdina og koma með athugasemdir við tillögu að matsáætlun áður en henni væri skilað inn til Skipulagsstofnunar.

Alls bárust 8 athugasemdir, frá Borgarsögusafni, Veitum, Borghildi Óskarsdóttur myndlistarmanni, Listasafni Reykjavíkur og fjórum íbúum í Skerjafirði. Athugasemdir eru birtar í viðauka A og svör framkvæmdaraðila við athugasemdum í viðauka B.

### 5.3 Kynning á tillögu að matsáætlun

Tillaga að matsáætlun er nú lögð fram til meðferðar Skipulagsstofnunar. Þaðan verður tillagan send lögbundnum umsagnaraðilum til umsagnar og þurfa svör þeirra að berast innan þess frests sem stofnunin veitir. Allir hafa rétt til að senda Skipulagsstofnun skriflegar athugasemdir við tillögu að matsáætlun innan gefins frests. Að kynningartíma loknum tekur Skipulagsstofnun ákvörðun um matsáætlunina, með eða án athugasemda.

### 5.4 Kynning á frummatsskýrslu

Við gerð frummatsskýrslu verður haft samráð við leyfisveitendur, Skipulagsstofnun, umsagnaraðila og almenning í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Frummatsskýrslan verður kynnt almenningi í samráði við Skipulagsstofnun á kynningartíma skýrslunnar. Frummatsskýrslan verður aðgengileg á opinberum stöðum, auk þess sem hún verður aðgengileg á heimasíðu EFLU

([www.efla.is](http://www.efla.is)) og á heimasíðu Skipulagsstofnunar ([www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)). Nánari upplýsingar um aðgang að skýrslunni verða auglýstar síðar í fjölmiðlum.

## 6 HEIMILDASKRÁ

- [1] *Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.*
- [2] *Reglugerð nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.*
- [3] Reykjavíkurborg, „Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030“, 2013.
- [4] ASK arkítæktar, EFLA og Landslag, „Skerjafjörður Rammaskipulag“. Reykjavík: Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, 2018.
- [5] *Stjórnartillaga 716/130 : náttúruverndaráætlun 2004-2008.*
- [6] Náttúrufræðistofnun Íslands, „Náttúruminjaskrá“. [Rafrænt]. Af: <https://www.ni.is/midlun/natturuminjaskra>. Sótt: 10. feb. 2020.
- [7] Umhverfisstofnun, „Fossvogsbakkar, Reykjavík“. [Rafrænt]. Af: [www.umhverfisstofnun.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudvesturland/fossvogsbakkar-reykjavik/](http://www.umhverfisstofnun.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudvesturland/fossvogsbakkar-reykjavik/).
- [8] Náttúrufræðistofnun Íslands, „Mikilvæg fuglasvæði: Álftanes–Skerjafjörður“. [Rafrænt]. Af: <https://www.ni.is/greinar/alftanes-skerjafjordur>. Sótt: 10. feb. 2020.
- [9] Verkfræðistofan Vatnaskil, „Frumskoðun á áhrifum landfyllingar og varnargarðs í Skerjafirði á strauma, öldufar og áhrifasvæði botnrofs og uppsöfnunar sets. Minnisblað.“ Reykjavík : Verkfræðistofan Vatnaskil, 2019.
- [10] Verkfræðistofan Vatnaskil, „Fossvogur: Mat á áhrifum fyrirhugaðrar brúar með straum- og vatnsgæðalíkani“. Reykjavík : Vatnaskil, 10 2018.
- [11] Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lía Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, „Vatnsmýri-Seljamýri-Öskjuhlíð: Byggðakönnun, fornleifaskrá og Húsakönnun, skýrsla nr. 161“, Minjasafn Reykjavíkur, 2013.
- [12] *Lög um menningarminjar nr. 80/2012.*
- [13] *Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.*
- [14] *Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði.*

## VIÐAUKI A ATHUGASEMDIR VIÐ DRÖG AÐ TILLÖGU AÐ MATSÁÆTLUN

### A.1 Athugasemd Borgarsögusafns Reykjavíkur

„Varðandi áform Reykjavíkurborgar um landfyllingu í Skerjafirði:

Borgarsögusafn Reykjavíkur heldur utan um skráningu fornleifa í Reykjavík. Í skýrslu safnsins frá 2013 liggur fyrir skráning minja á þessu svæði (sjá skýrslu nr. 161: Vatnsmýri - Seljamýri – Öskjuhlíð)<sup>1</sup>, en nú er unnið að endurskoðun skráningarinnar vegna skiplags nýrrar íbúðabyggðar í Skerjafirði, en þeirri vinnu er ekki lokið.

---

<sup>1</sup> Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsmýri – Seljamýri - Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun. Minjasafn Reykjavíkur*, skýrsla 161, Reykjavík 2013. [https://borgarsogusafn.is/sites/borgarsogusafn.is/files/atoms/files/skyrsla\\_161.pdf](https://borgarsogusafn.is/sites/borgarsogusafn.is/files/atoms/files/skyrsla_161.pdf)



Mynd 1. Fornleifar og aðrar minjar á skipulagssvæði Nýja-Skerjafjarðar.

Á svæðinu eru skráðar fornleifar á einum stað og er þar um að ræða leið eða veg (220-203) sem er horfinn. Auk þess eru skráðar þar nokkrar herminjar og yngri minjar. Í drögum að matsáætlun Eflu um landfyllinguna, dags. 07.04.2020, segir um fornminjar á svæðinu (bls. 31):

4.6 Fornminjar Framkvæmdasvæðið hefur nú þegar verið kannað. Engar fornminjar eru skráðar hjá Minjastofnun Íslands. Nokkrar minjar eru skráðar á framkvæmdasvæðinu eða í grennd við það í húsakönnun og eru þær allar frá árinu 1930 eða yngri. Svæðið er fremur mikið raskað eftir olíubirgðarstöð, vegi og önnur mannvirki. Tvær minjar verða fyrir áhrifum vegna landfyllingarinnar, olíubryggja sem er í slæmu ástandi og dráttarbryggja sem er í góðu ástandi. Gert er ráð fyrir mótvægisáðgerðum vegna olíubryggjunnar og er fyrirhugað að endurbýggja hana. Ef fornleifar finnast við framkvæmdir mun framkvæmdaraðili 32 stöðva framkvæmdir skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 [11]. Líkleg áhrif á fornminjar eru talin engin. Líkleg áhrif á aðrar minjar eru talin óveruleg neikvæð en óafturkræf. Í frummatsskýrslu verður nánar fjallað um minjar og verður sú umfjöllun byggð á fyrirleggjandi gögnum. Ekki er gert ráð fyrir frekari gagnaöflun.

Borgarsögusafn telur vert er að skoða verndun herminja á þessu svæði til framtíðar, eins og dráttarbrautarinnar í fjörunni (220-148), en mannvirki sem tengjast sjóflugvélum eru sjaldgæf og því sérstök. Við endurskoðun fornleifaskrár fyrir svæðið verður niðurstaðan líklega sú að gera tillögu um að hverfisvernda dráttarbrautina og um 15 m verndarsvæði um hana, sjá mynd 1.

Annað mannvirki á svæðinu sem tengist sjóflugvélum er flugskýli Flugfélags Íslands austast á svæðinu, en benda má á að með landfyllingu myndi skýlið færast lengra frá strandlínunni og sögulegt samhengi þess við sjóinn þar með raskast, ekki síst ef nýjar byggingar risu á svæðinu á milli.

Það er fagnaðarefni að gert sé ráð fyrir endurbyggingu olúbryggju Shell (220-150) á einhvern hátt, en þar er um að ræða gamalt kennileiti og minnisvarða um atvinnustarfsemi sem nú er horfin af svæðinu.

Auk þess að búa yfir minjum um hernám og atvinnusögu fyrri tíma á svæðið sér skemmtilega sögu sem vinsæll baðstaður á árunum fyrir stríð (Shellvík) og voru þá sett þar upp tímabundið sólskýli fyrir baðgesti. Svæðið er því allríkt af sögu sem minnast mætti og flétta á áhugaverðan hátt inn í skipulag svæðisins.

Anna Lísu Guðmundsdóttir  
Verkefnastjóri / fornleifar

Drífa Kristín Þrastardóttir  
Verkefnastjóri / húsvernd

Afrit:

Minjastofnun Íslands: [postur@minjastofnun.is](mailto:postur@minjastofnun.is)

Ingvar Jón Bates Gíslason: [ingvar.bates@reykjavik.is](mailto:ingvar.bates@reykjavik.is)



## A.2 Athugasemd Veitna

„Efni: Athugasemdir Veitna við drög að tillögu að matsáætlun fyrir landfyllingu í nýja Skerjafirði

Vísað er til kynningar á drögum að tillögu að matsáætlun fyrir landfyllingu í nýja Skerjafirði þar sem umsagnar- og hagsmunaraðilum er boðið að koma athugasemdum á framfæri.

Í kafla 2.2.3 er fjallað um veitur og lagnir í rammaskipulaginu fyrir nýja Skerjafjörð og í kafla 2.2.4 er fjallað um deiliskipulag fyrir fyrsta áfanga uppbyggingar svæðisins.

Veitur óska eftir að koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri sem væri æskilegt að kæmu fram í matsáætluninni:

- 1) Í forhönnun veitukerfa skipulagssvæðisins er gert ráð fyrir að núverandi 132 kV háspennustrengur verði lagður í fyllinguna, auk 800 mm stofnlagnar fráveitu.
- 2) Rétt er að greina frá því að Veitur áforma að byggja nýja dælustöð fráveitu við hlið núverandi dælustöðvar í Skeljanesi og verður ný lóð og byggingarreitur hluti af deiliskipulagi fyrir fyrsta áfanga nýja Skerjafjarðar.
- 3) Í drögunum er sýndur uppdráttur af samþykktu rammaskipulagi, en tillaga að landnotkun og útfærslu byggðar og þjónustu hafa breyst mikið við vinnslu deiliskipulags, auk þess sem gert er ráð fyrir lóð fyrir nýja dælustöð við Skeljanes.

Veitur áskilja sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum matsferilsins.

Virðingarfyllt,

Hólmfríður Bjarnadóttir

Umhverfis- og skipulagsstjóri Veitna“

### A.3 Athugasemd Borghildar Óskarsdóttur, myndlistarmanns

„Samkvæmt auglýsingu frá ykkur í Fréttablaðinu verður fljótlega farið í vinnu við landfyllingu í fjörunni í Skerjafirði.

Mér sýnist þetta vera sá staður þar sem myndlistarverk eftir mig liggur í fjörunni. Verkið var hluti sýningar sem Myndhöggvarafélagið í Reykjavík stóð fyrir á suðurströnd Reykjavíkur vorið 1998.

Verkið er orðið náttúra, þ.e. sjö steinsteyptir stafir sem mynda orðið *náttúra* og var sett niður á 0-punkti flóðs og fjöru.

Eftir að hafa legið í fjörunni í nokkur ár hurfu stafirnir í sandinn. Mér þætti vænt um ef hægt væri að fara með aðgát þegar framkvæmdirnar fara af stað og tillit tekið til verksins, sem liggur undir yfirborðinu.

Verkið *náttúra* er í eigu Listasafns Reykjavíkur

með bestu kveðju  
Borghildur Óskarsdóttir“



#### **A.4 Athugasemd Guðjóns Haraldssonar, íbúa í Skerjafirði**

„Góðan daginn.

Sem íbúi Skerjafjarðar sem gengur mikið umhverfis Reykjavíkflugvöll vor, sumar og haust verð ég að efast um að umhverfisáhrif þessarar landfyllingar séu lítil.

Fjaran þarna er gnægtaþrúnnur fyrir jafnt farfugla vor og haust sem og staðfugla sem eru þarna á beit árið um kring.

Mótmæli þessum framkvæmdum persónulega og fyrir hönd ofangreindra fugla.

Kv

Guðjón Björn Haraldsson

kt. 121256-2909

Einarsnesi 14

101 Reykjavík“

## A.5 Athugasemd Ívars Pálssonar, íbúa í Skerjafirði

„Uppfyllingu í Skerjafirði mótmælt

- Engin þörf er á uppfyllingunni. Nóg er til af lóðum í Reykjavík. Breyttur heimur árið 2020.
- Veruleg skerðing náttúru. Falleg, bogadregin sandströnd og leirur með mikið fuglalíf eins og myndir og skýrslur sanna, yrði eyðilögð.
- Svæðið var tekið út úr strandverndinni í kring af hentisemi, einmitt framkvæmdasvæðið.
- Rándýr aðgerð. Hleypir upp kostnaði íbúðanna sem byggðar verða.
- Flutningur dælustöðvar óheyrilega dýr. Skerðir upplifun og virði fyrir húseigendur við ströndina, ásamt útsýni fyrir fjöldann. Sjóndeildarhringur í vestri hverfur (úr austri).
- Flutningur jarðvegs til og frá í gegn um Reykjavík er mikil röskun fyrir íbúa og náttúru.
- Nýi Skerjafjörður er þegar of stór, án uppfyllingar. Vegakerfi, skólar, þjónusta öll ásamt aðveitu og fráveitukerfi.
- Sögulegt svæði fyllt upp. Baugur hinn fyrri, upphaf flugs ofl.
- Svæðið er aflokað í botnlanga, þar sem gert er ráð fyrir því að flugvöllurinn verði lagður niður, án þess að sú aðgerð sé samþykkt. Gengur ekki upp.

Reykjavík, 29. apríl 2020.

Ívar Pálsson, viðskiptafræðingur.“

## A.6 Athugasemd Hebu Helgadóttur, íbúa í Skerjafirði

„Athugasemd við matsáætlun:

Á þessari síðu kemur fram kynning fyrir hagsmunaaðila!!

[https://l.facebook.com/l.php?u=https%3A%2F%2Freykjavik.is%2Ffrettir%2Flandfylling-i-skerjafirði%3Ffbclid%3DIwAR2szzoGJSAI\\_Ni7GDEs9Q2q3TKXiFByV835tN6bF\\_oOn4yrUnlBlqwxOQ&h=AT3emZx4hc0BuDY8DBSz1vu\\_DVB03HH2LC5\\_8gusuaSdZ4BbrA1DKxnyoeYaj4lQy7Mx3VUQ2dUk3o5OwbLylK1WI7iTv6ZgO7xEfg5734kdOf8CtSe2pcQv7xm\\_A6TDjY](https://l.facebook.com/l.php?u=https%3A%2F%2Freykjavik.is%2Ffrettir%2Flandfylling-i-skerjafirði%3Ffbclid%3DIwAR2szzoGJSAI_Ni7GDEs9Q2q3TKXiFByV835tN6bF_oOn4yrUnlBlqwxOQ&h=AT3emZx4hc0BuDY8DBSz1vu_DVB03HH2LC5_8gusuaSdZ4BbrA1DKxnyoeYaj4lQy7Mx3VUQ2dUk3o5OwbLylK1WI7iTv6ZgO7xEfg5734kdOf8CtSe2pcQv7xm_A6TDjY)

Ég mótmælti landfyllingu í Skerjafirði með þessu bréfi til borgarinnar; Uppfyllingu í Skerjafirði mótmælt

- Engin þörf er á uppfyllingunni. Nóg er til af lóðum í Reykjavík. Breyttur heimur árið 2020.
- Veruleg skerðing náttúru. Falleg, bogadregin sandströnd og leirur með mikið fuglalíf eins og myndir og skýrslur sanna, yrði eyðilögð.
- Svæðið var tekið út úr strandverndinni í kring af hentisemi, einmitt framkvæmdasvæðið.
- Rándýr aðgerð. Hleypir upp kostnaði íbúðanna sem byggðar verða.
- Flutningur dælustöðvar óheyrilega dýr. Skerðir upplifun og virði fyrir húseigendur við ströndina, ásamt útsýni fyrir fjöldann. Sjóndeildarhringur í vestri hverfur (úr austri).
- Flutningur jarðvegs til og frá í gegn um Reykjavík er mikil röskun fyrir íbúa og náttúru.
- Nýi Skerjafjörður er þegar of stór, án uppfyllingar. Vegakerfi, skólar, þjónusta öll ásamt aðveitu og fráveitukerfi.
- Sögulegt svæði fyllt upp. Baugur hinn fyrri, upphaf flugs ofl.
- Svæðið er aflokað í botnlanga, þar sem gert er ráð fyrir því að flugvöllurinn verði lagður niður, án þess að sú aðgerð sé samþykkt. Gengur ekki upp.

Eru íbúar Skerjafjarðar ekki hagsmunaaðilar? Það hefur engin kynning farið fram fyrir hverfið og ekki verið haft samband við Prýðifélagið.

Mbk, Heba Helgadóttir og fjölskylda íbúar við Einarsnes 10.“

**A.7 Athugasemd Ragnildar Bjargar Guðjónsdóttur, íbúa í Skerjafirði**

„Vegna hugmynda um landfyllingu í Skerjafirði.

Mótmæli þessari hugmynd og fyrirætlan að setja upp landfyllingu í Skerjafirði.

Gerri athugasemdir við yfirlýsingu um samráð við hagsmunaaðila hvorki hefur verið haldin íbúafundur fyrir Skerjafjörð né haft samband við Prýðifélagið Skjöld íbúasamtök Skerjafjarðar sunnan flugvallar vegna þessa.

Ragnildur Björg Guðjónsdóttir kt: 2807593099“

## A.8 Athugasemd Listasafns Reykjavíkur

### „Umsögn Listasafns Reykjavíkur vegna staðsetningar listaverks í Nýja Skerjafirði

Verkið er nú staðsett í fjöruborðinu vestan við norður/suður flugbraut Reykjavíkurlflugvallar á svæði sem fer undir landfyllingu.

Titill listaverksins er Flæðisker (Náttúra), og er það frá árinu 1998. Höfundur er myndlistarmaðurinn Borghildur Óskarsdóttir (f.1942). Efniviður er járnbent steinsteypa (350 Portland sement) **og er skráð staðsetning í listaverkaskrá Listasafns Reykjavíkur** í sandfjöru sem nefnist Grófir við Skerjafjörð.

Verkið er sjö stafir sem mynda orðið NÁTTÚRA. Hver stafur er 150 cm hár. Það var sett upp sem hluti af sýningunni Strandlengjan árið 1998 sem Myndhöggvarafélagið í Reykjavík stóð fyrir. Þar voru sett upp sautján verk við suðurströnd Reykjavíkur, frá Seltjarnarnesi að Fossvogi. Nú eru á strandlengjunni tvö önnur verk sem orðin eru varanleg í borgarlandinu eru Geirfugl Ólafar Nordal úr áli, og Sólstólar eftir Helgu Guðrúnu Helgadóttur – sjö sólstólar úr tré sem standa á hæð fyrir ofan ylströndina í Nauthólsvík.

Verkið Flæðisker vakti verðskuldaða athygli þegar það var sett upp og festi Reykjavíkurborg kaup á verkinu í kjölfarið. Hér er á ferðinni áhugaverð hugvekja um inn grip mannsins í náttúruna og þau áhrif sem náttúran hefur á mannanna verk. Sú hugmynd að láta náttúruna um að grafa inn grip mannsins vekur okkur til vitundar um vistkerfið og virðingu fyrir náttúrulegu jafnvægi. Tilvist verksins er nú hugmyndaleg fremur en bókstafleg en með manngerðri uppfyllingu er gengið á þá grunnhugmynd verksins að náttúran ein taki þátt í þróun þess. Það er því æskilegt að verkið verði grafið upp og ferlið endurtekið á stað sem hefur sambærilega eiginleika og fjaran þar sem verkið er nú. Í því felst gott tækifæri til að nýta þetta áhugaverða listaverk til að auðga umhverfið á svæðinu og jafnframt laða fólk að fjörunni.

Við skoðun á umhverfinu hefur komið í ljós að það eru nokkrir staðir við Skerjafjörð sem koma til greina og ber þar helst að nefna fjöru nær Stóra-Skerjafirði við enda Skeljaness hjá „gamla Shell“. Þar er stigi niður í fjöruna og ætti verkið í einfaldleika sínum ekki að hafa áhrif á lífríki svæðisins (mynd 1).



Ef hugmyndir ganga eftir um að fjaran meðfram uppfyllingunni verði sandfjara má sjá fyrir sér að finna verkinu stað þar en um það ríkir óvissa. Ekki er hægt að segja til um ástand verksins nema gerður verði prufugröftur og mat lagt á það hvernig steinsteypan hefur elst.

Lagt er til að ástand verksins verði kannað og leitað leiða til að koma því fyrir á nýjum stað í Skerjafirði.

Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur“





## VIÐAUKI B SVÖR VIÐ ATHUGASEMDUM VIÐ DRÖG AÐ TILLÖGU AÐ MATSÁÆTLUN

Viðbrögð Reykjavíkurborgar við athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun fyrir landfyllingu í Skerjafirði.

Nr.	Athugasemd	Svar Reykjavíkurborgar
<b>1</b>	<b>Borgarsögusafn</b>	
1.1.	Varðandi áform Reykjavíkurborgar um landfyllingu í Skerjafirði: Borgarsögusafn Reykjavíkur heldur utan um skráningu fornleifa í Reykjavík. Í skýrslu safnsins frá 2013 liggur fyrir skráning minja á þessu svæði (sjá skýrslu nr. 161: Vatnsmýri - Seljamýri – Öskjuhlíð), en nú er unnið að endurskoðun skráningarinnar vegna skipulags nýrrar íbúðabyggðar í Skerjafirði, en þeirri vinnu er ekki lokið. Á svæðinu eru skráðar fornleifar á einum stað og er þar um að ræða leið eða veg (220-203) sem er horfinn. Auk þess eru skráðar þar nokkrar herminjar og yngri minjar.	Kafli 4.6 í tillögu að matsáætlun hefur verið uppfærður m.t.t. ábendingarinnar. Í frummatsskýrslu verður miðað við nýjstu gögn um skráningu minja á svæðinu.
1.2	Borgarsögusafn telur vert að skoða verndun herminja á þessu svæði til framtíðar, eins og dráttarbrautarinnar í fjörunni (220-148), en mannvirki sem tengjast sjóflugvélum eru sjaldgæf og því sérstök. Við	Framkvæmdaraðili telur að ekki verði hægt að hverfisvernda svæðið kringum dráttarbrautina (220-148 skv. mynd 1) í fjörunni þar sem að landfyllingin er fyrirhuguð ofan á dráttarbrautinni.

	endurskoðun fornleifaskrár fyrir svæðið verður niðurstaðan líklega sú að gera tillögu um að hverfisvernda dráttarbrautina og um 15 m verndarsvæði um hana.	
1.3	Annað mannvirki á svæðinu sem tengist sjóflugvélum er flugskýli Flugfélags Íslands austast á svæðinu, en benda má á að með landfyllingu myndi skýlið færast lengra frá strandlínunni og sögulegt samhengi þess við sjóinn þar með raskast, ekki síst ef nýjar byggingar risu á svæðinu á milli.	Fjallað verður um áhrif framkvæmdarinnar á minjar í frummatsskýrslu.
1.4	Það er fagnaðarefni að gert sé ráð fyrir endurbyggingu olíubryggju Shell (220-150) á einhvern hátt, en þar er um að ræða gamalt kennileiti og minnisvarða um atvinnustarfsemi sem nú er horfin af svæðinu.  Auk þess að búa yfir minjum um hernám og atvinnusögu fyrri tíma á svæðið sér skemmtilega sögu sem vinsæll baðstaður á árunum fyrir stríð (Shellvík) og voru þá sett þar upp tímabundið sólskýli fyrir baðgesti. Svæðið er því allríkt af sögu sem minnst mætti og flétta á áhugaverðan hátt inn í skipulag svæðisins.	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
<b>2</b>	<b>Veitur</b>	
2.1	Vísað er til kynningar á drögum að tillögu að matsáætlun fyrir landfyllingu í nýja Skerjafirði þar sem umsagnar- og hagsmunaraðilum er boðið að koma athugasemdum á framfæri.  Í kafla 2.2.3 er fjallað um veitur og lagnir í rammaskipulaginu fyrir nýja Skerjafjörð og í kafla 2.2.4 er fjallað um deiliskipulag fyrir fyrsta áfanga uppbyggingar svæðisins. Veitur óska eftir að koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri sem væri æskilegt að kæmu fram í matsáætluninni: 1) Í forhönnun veitukerfa skipulagssvæðisins er gert ráð fyrir að núverandi 132 kV háspennustrengur verði lagður í fyllinguna, auk 800 mm stofnlagnar fráveitu.	Umræddum upplýsingum hefur verið bætt inn í kafla 2.2.4 í tillögu að matsáætlun.

	<p>2) Rétt er að greina frá því að Veitur áforma að byggja nýja dælustöð fráveitu við hlið núverandi dælustöðvar í Skeljanesi og verður ný lóð og byggingarreitur hluti af deiliskipulagi fyrir fyrsta áfanga nýja Skerjafjarðar.</p> <p>3) Í drögunum er sýndur uppdráttur af samþykktu rammaskipulagi, en tillaga að landnotkun og útfærslu byggðar og þjónustu hafa breyst mikið við vinnslu deiliskipulags, auk þess sem gert er ráð fyrir lóð fyrir nýja dælustöð við Skeljanes.</p> <p>Veitur áskilja sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum matsferilsins</p>	
<b>3</b>	<b>Borghildur Óskarsdóttir, myndlistarmaður</b>	
3.1	<p>Samkvæmt auglýsingu frá ykkur í Fréttablaðinu verður fljótlega farið í vinnu við landfyllingu í fjörunni í Skerjafirði.</p> <p>Mér sýnist þetta vera sá staður þar sem myndlistarverk eftir mig liggur í fjörunni. Verkið var hluti sýningar sem Myndhöggvarafélagið í Reykjavík stóð fyrir á suðurströnd Reykjavíkur vorið 1998.</p> <p>Verkið er orðið náttúra, þ.e. sjö steinsteyptir stafir sem mynda orðið náttúra og var sett niður á 0-punkti flóðs og fjöru. Eftir að hafa legið í fjörunni í nokkur ár hurfu stafirnir í sandinn. Mér þætti vænt um ef hægt væri að fara með aðgát þegar framkvæmdirnar fara af stað og tillit tekið til verksins, sem liggur undir yfirborðinu.</p> <p>Verkið náttúra er í eigu Listasafns Reykjavíkur.</p>	<p>Reykjavíkurborg þakkar ábendinguna. Landfyllingin er fyrirhuguð á þeim stað sem myndlistarverkið er staðsett. Reykjavíkurborg hefur leitað álits Listasafns Reykjavíkur vegna athugasemdarinnar. Í lið 8.1 hér að neðan má sjá athugasemdir þeirra vegna listaverksins. Safnið leggur til að ástand verksins verði kannað og leitað leiða til að koma því fyrir á nýjum stað í Skerjafirði.</p>
<b>4</b>	<b>Guðjón Haraldsson, íbúi í Skerjafirði</b>	
4.1	<p>Sem íbúi Skerjafjarðar sem gengur mikið umhverfis Reykjavíkurlugvöll vor, sumar og haust verð ég að efast um að umhverfisáhrif þessarar landfyllingar séu lítil.</p> <p>Fjaran þarna er gnægtabrunnur fyrir jafnt farfugla vor og haust sem og staðfugla sem eru þarna á beit árið um kring.</p> <p>Mótmæli þessum framkvæmdum persónulega og fyrir hönd ofangreindra fugla.</p>	<p>Gert er ráð fyrir að fram fari frekari rannsókn á fuglalífi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Fjallað verður um niðurstöður þeirrar rannsóknar í frummatsskýrslu. Fyrirséð er að áhrif á fuglalíf verði neikvæð vegna truflana frá vinnuvélum og almenns rasks á svæðinu á meðan framkvæmdir við landfyllingu standa yfir. Að framkvæmdum loknum er hins vegar gert ráð fyrir að strandlengjan og fjaran verði mótuð á sem náttúrulegastan hátt og að gerður verði sjóvarnargarður þannig að fjaran verði sem líkust þeirri sem nú þegar er á svæðinu. Vænst er að</p>

		fuglalíf og annað lífríki taki við sér að nýju og verði sambærilegt því sem nú er á svæðinu. Nánar verður fjallað um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf í frummatsskýrslu.
<b>5</b>	<b>Ívar Pálsson, íbúi í Skerjafirði</b>	
5.1	Uppfyllingu í Skerjafirði mótmælt  Engin þörf er á uppfyllingunni. Nóg er til af lóðum í Reykjavík. Breyttur heimur árið 2020.	Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 gerir ráð fyrir að minnst 90% allra nýrra íbúða rísi innan núverandi þéttbýlismarka Reykjavíkur. Þar er Vatnsmýrin eitt af lykilþróunarsvæðunum með Nýja Skerjafjörð í forgangi. Tilgangur framkvæmdarinnar er að uppfylla markmið Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 fyrir þéttingu byggðar.
5.2	Veruleg skerðing náttúru. Falleg, bogadregin sandströnd og leirur með mikið fuglalíf eins og myndir og skýrslur sanna, yrði eyðilögð.	Gert er ráð fyrir að strandlengjan og fjaran verði mótuð á sem náttúrulegastan hátt þannig að fjaran verði sem líkust þeirri sem nú þegar er á svæðinu. Þá verður líklega gerður sjóvarnargarður sem stuðla á að því að leirur geti myndast að nýju. Er vonast til þess að fuglalíf, gróður, strand- og sjávarlífríki verði sambærilegt því sem nú ríkir á svæðinu. Fjallað verður um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á náttúruferum í frummatsskýrslu.
5.3	Svæðið var tekið út úr strandverndinni í kring af hentisemi, einmitt framkvæmdasvæðið.	Landfylling á þessum stað í Skerjafirði hefur frá upphafi verið hluti af gildandi aðalskipulagi Reykjavíkurborgar. Auk þess hefur röskun orðið á svæðinu eftir starfsemi olíubirgðarstöðvar og vegna annarra mannvirkja. Þetta er meðal ástæðna þess að þessi hluti strandlengjunnar hefur ekki verið hverfisverndaður.
5.4	Rándýr aðgerð. Hleypir upp kostnaði íbúðanna sem byggðar verða.	Uppbygging sem þessi er alltaf kostnaðarsöm. Markmiðið með gerð landfyllingar í Skerjafirði er hins vegar að auka byggingarland á svæðinu þannig að skipulagssvæðið nái ákjósanlegri stærð m.t.t. uppbyggingar innviða. Heildaruppbygging hverfisins gerir ráð fyrir 80 íbúðum á hektara svo nauðsynlegir innviðir fái þrífist án afdráttarlausrar aðkomu einkabílsins. Þetta er góð nýting á landi og endurspeglar breytt viðhorf borgaryfirvalda á verðmætamati borgarumhverfisins og virði lands.
5.5	Flutningur dælustöðvar óheyrilega dýr. Skerðir upplifun og virði fyrir húseigendur við ströndina, ásamt útsýni fyrir fjöldann. Sjóndeildarhringur í vestri hverfur (úr austri).	Umrædd dælustöð er sameign Veitna, Kópavogs og Garðabæjar og ekki hluti af þessu umhverfismati.

5.6	Flutningur jarðvegs til og frá í gegn um Reykjavík er mikil röskun fyrir íbúa og náttúru.	Í landfyllinguna áformar Reykjavíkurborg að nýta efni sem fellur til við framkvæmdir vegna Landspítala – Háskólasjúkrahús auk efnis frá öðrum þéttingarreitum í Reykjavík, vestan Elliðaár. Uppgrafið efni sem annars hefði verið flutt á urðunarsvæði í útjaðri borgarinnar er þá verið að flytja styttri vegalengd. Er það því von framkvæmdaraðila að með þessu móti sé frekar verið að draga úr umferð vegna efnisflutninga. Auk þess verður skoðað hvort flytja megi hluta efnis sjóleiðina til að minnka ónæði íbúa Skerjafjarðar af efnisflutningum. Þó er ljóst að stórgrýti í sjálft landfyllingarstæðið við mörk hins nýja sjávarmáls verður flutt landleiðina.
5.7	Nýi Skerjafjörður er þegar of stór, án uppfyllingar. Vegakerfi, skólar, þjónusta öll ásamt aðveitu og fráveitukerfi.	Stærð skipulagssvæðisins miðast við að það myndi heildstæða einingu svo að uppbygging innviða, svo sem gatnakerfis, fráveitu, skóla, verslunar og þjónustu, geti átt sér stað.
5.8	Sögulegt svæði fyllt upp. Baugur hinn fyrri, upphaf flugs o.fl.	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
5.9	Svæðið er aflokað í botnlanga, þar sem gert er ráð fyrir því að flugvöllurinn verði lagður niður, án þess að sú aðgerð sé samþykkt. Gengur ekki upp.	Fyrirhugað er að tenging almenningsamgangna við svæðið verði um nýja Fossvogsbrú sem mun liggja austan við framkvæmdasvæðið og yfir á Kársnesið í Kópavogi. Mun umferð gangandi, hjólandi og almenningsamgangna vera um brúna. Skipulag byggðar á svæðinu miðar að því að flugvöllurinn þurfi ekki að víkja. Hins vegar verður einnig hugsað fyrir samgöngutengingum komi til þess að flugvöllurinn víki úr Vatnsmýrinni.
<b>6</b>	<b>Heba Helgadóttir og fjölskylda, íbúar í Skerjafirði</b>	
6.1	Ég mótmælti landfyllingu í Skerjafirði með þessu bréfi til borgarinnar; Uppfyllingu í Skerjafirði mótmælt  Engin þörf er á uppfyllingunni. Nóg er til af lóðum í Reykjavík. Breyttur heimur árið 2020.	Sjá svar við lið 5.1.
6.2	Veruleg skerðing náttúru. Falleg, bogadregin sandströnd og leirur með mikið fuglalíf eins og myndir og skýrslur sanna, yrði eyðilögð.	Sjá svar við lið 5.2.
6.3	Svæðið var tekið út úr strandverndinni í kring af hentisemi, einmitt framkvæmdasvæðið.	Sjá svar við lið 5.3.
6.4	Rándýr aðgerð. Hleypir upp kostnaði íbúðanna sem byggðar verða.	Sjá svar við lið 5.4.

6.5	Flutningur dælustöðvar óheyrilega dýr. Skerðir upplifun og virði fyrir húseigendur við ströndina, ásamt útsýni fyrir fjöldann. Sjóndeildarhringur í vestri hverfur (úr austri).	Sjá svar við lið 5.5.
6.6	Flutningur jarðvegs til og frá í gegn um Reykjavík er mikil röskun fyrir íbúa og náttúru.	Sjá svar við lið 5.6.
6.7	Nýi Skerjafjörður er þegar of stór, án uppfyllingar. Vegakerfi, skólar, þjónusta öll ásamt aðveitu og fráveitukerfi.	Sjá svar við lið 5.7.
6.8	Sögulegt svæði fyllt upp. Baugur hinn fyrri, upphaf flugs ofl.	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
6.9	Svæðið er aflokað í botnlanga, þar sem gert er ráð fyrir því að flugvöllurinn verði lagður niður, án þess að sú aðgerð sé samþykkt. Gengur ekki upp.	Sjá svar við lið 5.9.
6.10	Eru íbúar Skerjafjarðar ekki hagsmunaaðilar? Það hefur engin kynning farið fram fyrir hverfið og ekki verið haft samband við Prýðifélagið.	Íbúar í Skerjafirði eru hagsmunaaðilar. Tilgangur þess að kynna matsáætlun á vinnslustigi sem „ <i>drög að tillögu að matsáætlun</i> “ er að leita samráðs við almenning, hagsmunaaðila og sérfræðistofnanir eins snemma í ferlinu og kostur er. Öllum gefst einnig tækifæri til að gera athugasemd við <i>tillögu að matsáætlun og frummatsskýrslu</i> . Kynningartími þessara gagna verður auglýstur síðar.
<b>7</b>	<b>Ragnhildur Björg Guðjónsdóttir, íbúi í Skerjafirði</b>	
7.1	Vegna hugmynda um landfyllingu í Skerjafirði. Mótmæli þessari hugmynd og fyrirætlan að setja upp landfyllingu í Skerjafirði. Geri athugasemdir við yfirlýsingu um samráð við hagsmunaaðila hvorki hefur verið haldin íbúafundur fyrir Skerjafjörð né haft samband við Prýðifélagið Skjöld íbúasamtök Skerjafjarðar sunnan flugvallar vegna þessa.	Sjá svar við lið 6.10.
<b>8</b>	<b>Listasafn Reykjavíkur</b>	
8.1	Umsögn Listasafns Reykjavíkur vegna staðsetningar listaverks í Nýja Skerjafirði: Verkið er nú staðsett í fjöruborðinu vestan við norður/suður flugbraut Reykjavíkurflugvallar á svæði sem fer undir landfyllingu. Titill listaverksins er Flæðisker (Náttúra), og er það frá árinu 1998. Höfundur er myndlistarmaðurinn Borghildur Óskarsdóttir (f.1942).	Reykjavíkurborg þakkar fyrir athugasemdina. Reykjavíkurborg mun láta kanna ástand verksins og leita leiða til að koma því fyrir á nýjum stað í samráði við Listasafn Reykjavíkur.

Efniviður er járnþent steinsteypa (350 Portland sement) og er skráð staðsetning í listaverkaskrá Listasafns Reykjavíkur í sandfjöru sem nefnist Grófir við Skerjafjörð.

Verkið er sjö stafir sem mynda orðið NÁTTÚRA. Hver stafur er 150 cm háur. Það var sett upp sem hluti af sýningunni Strandlengjan árið 1998 sem Myndhöggvarafélagið í Reykjavík stóð fyrir. Þar voru sett upp sautján verk við suðurströnd Reykjavíkur, frá Seltjarnarnesi að Fossvogi. Nú eru á strandlengjunni tvö önnur verk sem orðin eru varanleg í borgarlandinu eru Geirfugl Ólafar Nordal úr áli, og Sólstólar eftir Helgu Guðrúnu Helgadóttur – sjö sólstólar úr tré sem standa á hæð fyrir ofan ylströndina í Nauthólsvík.

Verkið Flæðisker vakti verðskuldaða athygli þegar það var sett upp og festi Reykjavíkurborg kaup á verkinu í kjölfarið. Hér er á ferðinni áhugaverð hugvekja um inngríp mannsins í náttúruna og þau áhrif sem náttúran hefur á mannanna verk. Sú hugmynd að láta náttúruna um að grafa inngríp mannsins vekur okkur til vitundar um vistkerfið og virðingu fyrir náttúrulegu jafnvægi. Tilvist verksins er nú hugmyndaleg fremur en bókstafleg en með manngerðri uppfyllingu er gengið á þá grunnhugmynd verksins að náttúran ein taki þátt í þróun þess. Það er því æskilegt að verkið verði grafið upp og ferlið endurtekið á stað sem hefur sambærilega eiginleika og fjaran þar sem verkið er nú. Í því felst gott tækifæri til að nýta þetta áhugaverða listaverk til að auðga umhverfið á svæðinu og jafnframt laða fólk að fjörunni.

Við skoðun á umhverfinu hefur komið í ljós að það eru nokkrir staðir við Skerjafjörð sem koma til greina og ber þar helst að nefna fjöru nær Stóra-Skerjafirði við enda Skeljaness hjá „gamla Shell“. Þar er stigi niður í fjöruna og ætti verkið í einfaldleika sínum ekki að hafa áhrif á lífríki svæðisins.

Ef hugmyndir ganga eftir um að fjaran meðfram uppfyllingunni verði sandfjara má sjá fyrir sér að finna verkinu stað þar en um það ríkir óvissa. Ekki er hægt að segja til um ástand verksins nema gerður verði prufugröftur og mat lagt á það hvernig steinsteypan hefur elst.

	Lagt er til að ástand verksins verði kannað og leitað leiða til að koma því fyrir á nýjum stað í Skerjafirði.	
--	---	--





Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 REYKJAVÍK  
Ísland

Reykjavík, 29. september 2020  
Tilvísun: 2020090247/23.0

## Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um tillögu að matsáætlun fyrir landfyllingu í Nýja Skerjafirði

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 14. september 2020 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um tillögu að matsáætlun fyrir landfyllingu í Nýja Skerjafirði. Taka skal afstöðu til þess hvort nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, hvort gerðar séu athugasemdir við þá umhverfisþætti sem áætlunin tekur til, valkosti sem meta á, gagnaöflun og framsetningu. Einnig skal gera grein fyrir þeim leyfum sem framkvæmdin er háð á starfssviði umsagnaraðila. HER hefur farið yfir erindið og meðfylgjandi gögn og gerir eftirfarandi umsögn.

Fyrirhuguð framkvæmd er háð starfsleyfi HER á framkvæmdatíma vegna losunar á óvirkum úrgangi frá byggingarsvæðum og landmótunar. HER vill einnig benda á að endurnýting úrgangs > 500 tonn er tilkynningaskyld vegna mats á umhverfisáhrifum samkvæmt lið 11.15 í viðauka I í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en hvergi kemur fram í greinargerð að slík tilkynning hafi borist né verið tekin afstaða til matsskyldu.

Að mati HER er ágætlega gerð grein fyrir framkvæmdinni í tillögu að matsáætlun en þó eru ákveðin mikilvæg atriði sem þarfnast nánari skoðunar.

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að umferð vegna efnisflutninga mun fara um Nauthólsveg og framkvæmdaveg sem einnig mun nýtast við framkvæmdir við Fossvogsbrú. HER gerir athugasemdir við að ekki á að gera grein fyrir áhrifum við lagningu framkvæmdavegar þar sem hann teljist hluti af framkvæmd við Fossvogsbrú. Þar sem endurtaka þarf hönnunarsamkeppni vegna Fossvogsbrúar er líklegt að tafir verði á þeirri framkvæmd, eins gæti verið að framkvæmdir við landfyllingu hefjist fyrr. HER telur að gera ætti grein fyrir áhrifum lagningu framkvæmdavegar í mati á þessari framkvæmd. Við Nauthólsveg eru leikskóli, barnaskóli og íbúðarhús sem standa alveg við veginn, auk Háskólans í Reykjavík. Eins geta efnisflutningar um svæðið haft áhrif á útivistarsvæði í Nauthólsvík. Aukin umferð getur haft í för með sér rykmengun, aukna loftmengun og meiri hávaðamengun en þetta svæði er þegar undir álagi vegna umferðar bíla og flugvéla. Mikið álag er á Nauthólsvægi vegna umferðar til og frá þessum skólum og miklar umferðarteppur myndast á álagstímum, slíkt gæti aukist tímabundið meðan efnisflutningar fara fram.



Í tillögu að matsáætlun á að gera grein fyrir mótvægisáðgerðum eftir því sem við á, en ekki á að gera fara í líkanagerð eða rannsóknir. Að mati HER þarf að minnsta kosti að útbúa hljóðvistarkort vegna aukins umferðarmagns, sérstaklega þungaumferðar. Einnig þarf að meta samlegðaráhrif annarra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru á sama svæði, bæði framkvæmdir við Fossvogsbrú. Ekki er hægt að horfa fram hjá því að þungaumferð vegna beggja framkvæmda gæti átt sér stað á sama tíma. Loks telur HER að meta eigi annan valkost við efnisflutninga, það er að flytja efnið sjóleiðina til að minnka áhrif við Nauthólsveg.

Eins og fram kemur í tillögu að matsáætlun liggur framkvæmdasvæðið að verndarsvæðum auk þess sem fyrirhugað er að friðlýsa Skerjafjörð í heild sinni. Þar sem óhjákvæmilega verður truflun fyrir lífríki á svæðinu á framkvæmdatíma telur HER nauðsynlegt að fara í ítarlegt mat á áhrifum framkvæmdarinnar, ekki síst vegna þess að framkvæmdir við Fossvogbrú munu einnig valda álagi á sama svæði. Eins og fyrir hefur verið rætt þarf að skoða samlegðaráhrif þessara framkvæmda.

Þá telur HER að skoða þurfi hvaða áhrif breytingar á straumum vegna sjóvarnargarðs hafa á dreifingu gerlamengunar frá yfirfalli og neyðarlúgu skólþælustöðvarinnar í Skeljanesi. Kanna þarf hvort gerlamengun geti borist að ströndinni þegar óhreinsað skólþ berst frá stöðinni um þessar útrásir.

Loks bendir HER á að nauðsynlegt er að meta áhrif hækkandi sjávarstöðu vegna loftslagsbreytinga á landfyllinguna. Miða verður við nýjustu rannsóknir þar sem eldri viðmið gerðu ráð fyrir minni hækkun en nú er talin möguleg.

HER áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum málsins

Virðingarfyllst  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

  
Svava S. Steinarsdóttir  
Heilbrigðisfulltrúi